

**HLÍF SÆVARSDÓTTIR**

*Notar gamlan Westing-house-ísskáp sem búr*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR**

*Fórnarlamb netníðings*

Óprúttinn aðili í hennar nafni á Facebook

**FÓLK 22**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. september 2009 — 217. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

### Útvegar gas á kútana



Fyrirtækið ÍSAGA var stofnað árið 1919 og fagnar því níutíu ára afmæli um þessar mundir.

**TÍMAMÓT 14**

### Óvæntur smellur



Barði Guðmundsson flugþjónn gerði stuttmynd sem hefur fengið góðar viðtökur.

**FÓLK 22**

### Stærstu málin

Það er líklega stærsti árangur Obama í embætti að sópa stórmálunum undir teppið og beina sjónum manna að þeim minni, skrifar Jón Ormur Halldórsson.

**UMRÆÐAN 12**



### Breiðablik og Fram unnu

Undanúrslitin í VISA-bikar karla fóru fram um helgina.

**ÍÞRÓTTIR 17**

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA VINDASAMT** Í dag verða sunnan 8-15 m/s, hvassast vestan til. Rigning eða skúrir, einkum síðdegis en úrkomulítið á Austurlandi. Hiti 10-18 stig að deginum, hlýjast norðaustan til.

**VEÐUR 4**

# Háskólanemar sviku út 300 milljóna bætur

**Á fjórða hundrað háskólanema skráðu sig ranglega atvinnulausa á meðan þeir stunduðu nám á síðasta skólaári. Svikin eru talin nema um 300 milljónum króna. Staða nemendanna gagnvart Atvinnuleysistryggingarsjóði er í skoðun.**

**ATVINNULEYSI** 345 háskólastúdentar í lánshæfu námi voru skráðir atvinnulausir á síðasta skólaári og þáðu atvinnuleysisbætur sem þeir áttu ekki rétt á. Þetta kom í ljós þegar nemendaskrár háskólanna voru keyrðar saman við upplýsingar um þá sem þegið hafa atvinnuleysisbætur.

Talið er að nemendurnir hafi þegið samtals um það bil 300 milljónir króna úr Atvinnuleysistryggingarsjóði á síðasta ári.

Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, segir að ekki liggi fyrir nákvæmar tölur, en 300 milljónir eru taldar nærri lagi. Verið er að vinna úr upplýsingum um stöðu háskólastúdentanna gagnvart Atvinnuleysistryggingarsjóði.

Sumir úr hópnum fengu tekjutengdar bætur, sem atvinnulausir fá fyrstu mánuðina eftir atvinnumissi. Aðrir fengu almennar atvinnuleysisbætur, sem eru 149.000 krónur á mánuði.

Í þriðja hópnum eru þeir sem skráðu sig atvinnulausa námsmenn í fyrrasumar en héldu áfram að skrá sig atvinnulausa eftir að þeir fóru aftur í nám í fyrrahaust. Þeir fengu atvinnuleysisbætur, sem eru að meðaltali 110.000 krónur á mánuði fyrir þennan hóp námsmanna sem hafa ekki öðlast full réttindi á vinnumarkaði. Grunnframfærsla námslána samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna var hins vegar 100.600 krónur á mánuði.

Nemendaskrár og skrár Atvinnuleysistryggingarsjóðs eru nú að fullu samkeyrðar og á það að koma í veg fyrir að svona mál endurtaki sig.

Nokkrir dagar eru síðan félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra kynntu breytingar sem fela í sér að réttur námsmanna til atvinnuleysisbóta á sumrin er afnuminn. Samhliða voru frítekjumörk þeirra sem fara í lánshæft nám eftir atvinnumissi hækkuð, til þess að auðvelda fólki að hefja lánshæft nám frekar en að skrá sig atvinnulaust. **- pg**



**Í ÞUNGUM ÞÖNKUM** Síðustu keppendurnir á fyrsta Íslandsmótinu í póker sátu yfir spilunum í gær. Sigurvegarinn átti von á 1,6 milljónum króna í verðlaun. Logi Unnarsson Jónsson lenti í þriðja sæti en þeir Axel Einarsson og Matthías Vilhjálmsson börðust um fyrsta sætið. Þeir áttu jafnmikla spilapeninga eftir þegar blaðið fór í prentun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alls tóku 190 þátt í fyrsta Íslandsmeistaramótinu í póker um helgina:

# Lögreglan mætti ekki á pókermótið

**FÓLK** „Þetta hefur gengið eins og lygasögu. Pókerinn er orðinn gríðarlega vinsæll hérna á Íslandi og það komst færri að en vildu," segir Jóhann Ólafur Schröder, einn skipuleggjenda Íslandsmótsins í póker, sem haldið var um helgina.

„Ég veit ekki nákvæmlega hversu mörgum þurfti að vísa frá en sem dæmi get ég nefnt að það voru yfir þrjátíu ósvöruð símtöl á símanum mínum kvöldið áður en mótið hófst. Ég geri ráð fyrir að flest þeirra hafi haft að gera með mótið," segir Jóhann.

Hann nefnir einnig að fullur salur af fólki hafi fylgst með síðari degi mótsins á Hilton Nordica-hótelinu.

Fyrir mót höfðu aðstandendur boðið lögreglu að líta við til að ganga úr skugga um að allt færi eftir settum reglum. „Við höfum verið í góðu samstarfi við yfirvöld og lögreglu, en löggurnar létu ekkert sjá sig. Enda flokkast þetta ekki undir fjárhættuspil heldur svokallaðan móta-póker, sem er allt annars eðlis," segir Jóhann.

Stefnt er á að endurtaka leikinn að ári. **- kg**

Hetjudáð er maður lést:

# Stökk í sjóinn til að bjarga

**LÖGREGLUMÁL** „Ég gerði ráð fyrir að hann væri nýdottinn út í og hefði kannski rekið hausinn í og rotast, þannig að mín fyrstu viðbrögð voru að hendast út í," segir Hrafn Davíð Hrafnsson, tvítugur starfsmaður í Kolaportinu, sem í gærmorgun reyndi að bjarga karlmanni upp úr Reykjavíkurhöfn.



**HRAFN DAVÍÐ HRAFNSSON**

Maðurinn sem Hrafn hugðist bjarga var látinn þegar lögreglu bar að. Hinn látni var á milli tvítugs og þrítugs, að sögn lögreglu sem hafði seint í gærkvöld ekki enn tekist að bera kennsl á manninn og óskar eftir aðstoð frá almenningi.

Maðurinn var um 170 sentimetrar á hæð, dökkhærður og sólbrúnn. Hann var í gulum og bláum bol, svörtum skóm með hvítum röndum og hvítri úlpu með gráum ermum. **- gar /** **sjá síðu 4**

Hamarinn og Fangavaktin:

# Íslenskt efni rekst aftur á

**FÓLK Íslensku þáttaraðirnar Hamarinn og Fangavaktin verða sýndar á svipuðum tíma hvor á sinni sjónvarpsstöðinni. Báðar verða þær á sunnudagskvöldum, Hamarinn byrjar klukkan 20.10 á RÚV og Fangavaktin hefst tuttugu mínútum seinna á Stöð 2. Hamarinn fer í loftið 4. október en Fangavaktin hefur göngu sína 27. september. Þetta er annað árið í röð sem íslenskt leikið efni rekst á en í fyrra var dagskrártíma Svartra engla hnikað til á RÚV svo að áhorfendur gætu horft á þann þátt og Dagvaktina á Stöð 2. Í ár vill hvorug sjónvarpsstöðin láta undan.**

**- fgg /** **sjá síðu 22**










## SPURNING DAGSINS



*Guðrún, þýðir þetta eitthvað?*

„Þetta er ákaflega þýðingarmikið.“

Þýðendur nýjustu bókar Dans Brown, The Lost Symbol, verða þrír til að hún komist sem fyrst í verslanir hérlendis. Guðrún Vilmundardóttir er útgáfustjóri hjá Bjarti, sem gefur bókina út.

Netanjahú fundaði með forseta Egyptalands í Kaíró í gær:

# Fundað um landtöku Ísraela

**STJÓRNMÁL** Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, fundaði með Hosni Mubarak, forseta Egyptalands, í Kaíró í gær. Ræddu þeir um mögulega lausn á deilum um landtöku Ísraela á hernumdu svæðunum, bæði á Vesturbakkanum og austurhluta Jerúsalem.

AFP-fréttastofan greinir frá því á fundinum hafi Mubarak hvatt Ísraelsríki til að hætta umsvifalaust öllum framkvæmdum á landnemabyggðum sínum.

Fyrir fundinn sagði Netanyahu að mikil vinna væri enn fyrir höndum áður en ríki hans geti á ný hafið friðarviðræður við Palestínumenn. Hann segist þó vongóður um að samkomulag náist á endanum, og friðarviðræður geti hafist.



**VIÐRÆÐUR** George Mitchell og Shimon Peres á fundi þeirra í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

George Mitchell, erindreki Bandaríkjastjórnar gagnvart Mið-Austurlöndum, er staddur í Ísrael til að ræða við ráðamenn. Hann fundaði með utanríkisráðherranum Avigdor Lieberman og Shimon Peres, forseta Ísrael, í gær. Mitchell sagði fundinn ekki hafa skilað samkomulagi í veigamiklum atriðum. Unnið væri að því að ná slíku samkomulagi. Peres segir mikilvægt að viðræður við Palestínumenn hefjist á ný fyrir lok mánaðarins.

Mitchell mun funda með Netanyahu í dag. Vonast er til leiðtogar Ísrael og Palestínu geti fundað meðan á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York stendur síðar í mánuðinum. **- kg**

Fimm menn í Hong Kong:

# Hröpuðu niður tuttugu hæðir

**HONG KONG, AP** Fimm verkamenn létu lífið í Hong Kong um helgina. Mennirnir voru að störfum í húsi sem verið er að byggja þegar vinnupallur hrundi undan þeim, með þeim afleiðingum að þeir hröpuðu niður um tuttugu hæðir. Einn maður til viðbótar slasaðist.

Eigendur byggingarinnar hafa fallist á að greiða fjölskyldum mannanna skaðabætur vegna málsins.

Byggingin á að verða sú hæsta í Hong Kong þegar hún verður tilbúin á næsta ári. Hún verður jafnframt meðal hæstu bygginga heimsins. **- þeb**



**ÆFING** Meðlimir Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar við æfingar á Gufuskálum. MYND/LANDSBJÖRG

Íslensk alþjóðabjörgunarsveit:

# Orðin sérhæfð í rústabjörgun

**BJÖRGUNARSVEITIR** Alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar fékk um helgina vottun sem fullgild alþjóðleg rústabjörgunarsveit.

Tíu manns frá ISARAG, samtökum alþjóðlegra rústabjörgunarsveita undir hatti Sameinuðu þjóðanna, voru viðstaddir æfingar sveitarinnar. Var það hlutverk þeirra að meta getu sveitarinnar og í framhaldi að veita henni vottun sem fullgild alþjóðleg björgunarsveit. **- hhs**

Landspítalinn hagræðir:

# Þrjátíu sagt upp í mötuneytinu

**ATVINNUMÁL** **Öllum starfsmönnum hjá mötuneyti starfsmanna Landspítala-Háskólasjúkrahúss, tæplega þrjátíu talsins, hefur verið sagt upp störfum. Uppsagnirnar eru liður í hagræðingaráformum.**

**Auglýst hefur verið eftir tilboðum til að taka við rekstri mötuneytisins og fimm fyrirtæki hafa gert tilboð. Af hálfu Landspítalans er sett það skilyrði að ný rekstraraðili ráði til sín að minnsta kosti þriðjung núverandi starfsmanna mötuneytisins. Ákvörðun um hvaða tilboði verður tekið á að liggja fyrir 1. október og á nýi aðilinn að taka við 1. desember.** **- gar**

# Nauðungarsala á 555 fasteignum í Árborg

**Um 200 fasteignir hafa verið seldar í nauðungarsölu í Árborg það sem af er árinu. Þá eru 355 eignir til viðbótar í slíku söluferli. Sýslumaðurinn á Selfossi segir ástandið alvarlegt og að sumir séu einfaldlega búnir að gefast upp á ástandinu.**

**UPPBOÐ** Samtals 199 fasteignir hafa verið seldar í nauðungarsölu hjá sýslumannsembættinu á Selfossi það sem af er þessu ári, að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar sýslumanns. Þá eru 355 eignir nú í slíku söluferli. Til samanburðar má geta þess að allt árið í fyrra voru nauðungarsölur á fasteignum 129.

„Inni í tölunum fyrir þetta ár er íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, sumarbústaðir og lóðir,“ segir Ólafur Helgi. Hann bætir við að sumarbústaðalóðirnar vegi nokkuð mikið í heildarfjöldanum. Á dögunum hafi verið seldar 66 lóðir á einum degi.

„En það er ljóst að yfir hundrað fasteignir sem eru sumarbústaðir eða híbýli fólks hafa verið seld á árinu.“

Til viðbótar málunum 355 eru 42 nauðungarsölur á bifreiðum og og sex mál í öðru lausafé. Mál sem ekki er búið að ljúka afgreiðslu á eru 403 talsins. Beiðnir um nauðungarsölu það sem af er árinu eru orðnar 973 í umdæminu.

Um mánaðamót október-nóvember falla úr gildi lög frá því í vor, sem heimila frestun á nauðungarsölu fasteigna. Spurður um áhrif þessara laga segir Ólafur Helgi þau ekki ýkja mikil í sínu umdæmi, þar sem ekki séu nema 35 mál í frestun. Að óbreyttu fari þau mál aftur af stað í nóvember þaðan sem þau eru nú stödd í ferlinu.

„Það kynni kannski að koma á óvart að ekki skuli liggja fyrir fleiri beiðnir um frestun,“ segir Ólafur Helgi. „En í sumum tilvikum kveðst fólk einfaldlega vera búið að gefast upp og hyggist flytja úr landi. Eins og staðan er núna stefnir greinilega í að fleiri málum í skuldauppgjöri en nokkru sinni fyrr ljúki með nauðungarsölum, þar sem eignir eru endanlega seldar. Það er ljóst að miðað við fyrri ár er ástandið mjög alvarlegt.“



**ÁRBORG** Umtalsverð aukning hefur orðið á nauðungarsölum í Árborg á þessu ári miðað við síðasta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigríður Eysteinsdóttir hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík segir að 139 nauðungarsölur á fasteignum hafi farið fram það sem af er árinu. Á sama tímabili í fyrra voru þær 78 og 161 talsins á öllu árinu.

Skráðar nauðungarbeiðnir nú eru 1.377. Þá hafa 275 beiðnir um frestun nauðungarsölu verið samþykktar hjá embættinu.

**jss@frettabladid.is**



**ÓLAFUR HELGI** „Í sumum tilvikum kveðst fólk vera búið að gefast upp og hyggist flytja úr landi.“

GE Capital með kröfu á Baug:

# Einkaþota Baugs var tekin yfir

**VIÐSKIPTI** **GE Capital, dótturfélag General Electric, hefur tekið yfir einkaþotu sem var í eigu dótturfélags Baugs en fyrirtækið átti veð í vélinni. Vélin er metin á um tvo og hálfan milljarð íslenskra króna. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Vélin, sem hefur gengið undir nafninu 101, er hin glæsilegasta og af gerðinni Dassault Falcon. Hún er tæplega tveggja ára gömul og tekur átta farþega en svefnpláss er í vélinni fyrir fjóra til fimm. Hún kemst í 45 þúsund feta hæð en til samanburðar fara Boeing 757-vélar Icelandair hæst í 42 þúsund feta hæð. Í vélinni eru öll helstu þægindi, svo sem gervihnattasími, geislaspilari og DVD-spilari.**

**Vélin var í eigu dótturfélags Baugs, BG Aviation, og hefur aðallega verið notuð af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni.**

Hagsmunasamtök heimila:

# Fundað um skuldastöðu

**EFNAHAGSMÁL** Hagsmunasamtök heimilanna boða til borgarafundar á fimmtudaginn kemur, 17. september, í Iðnó. Efni fundarins verður skuldastaða heimilanna og fyrirhugað greiðsluverkfall sem samtökin hafa boðað 1. til 15. október.

Í pallborði verða meðal annars Ólafur Arnarson og Björn Þorri Viktorsson . Ráðherrunum Steingrími J. Sigfússyni og Gylfa Magnússyni hefur verið boðið en þeir hafa að svo stöddu hvorki staðfest né afboðað komu sína, að því er segir í tilkynningu frá Hagsmunasamtökunum.

Fundurinn hefst klukkan 20.00. **- kh**

**Auður fyrir þig**

Auður Capital veitir fjárfestingaþjónustu með áherslu á gagnsæi og áhættumeðvitund.

**Við getum séð um séreignarsparnaðinn þinn**

Velkomin á opna kynningu til okkar **mánudaginn 14. sept. kl. 17:15, Borgartúni 29, 3. hæð.**

**audur.is - 585 6500**

AUÐUR CAPITAL



Eignastýring - Fjárfestingar - Fyrirtækjaráðgjöf - Séreignarsparnaður

Starfsmenn Reykjavíkur hvattir til að taka upp grænni samgöngumáta:

# Ókeypis bílastæðum fækkað

**REYKJAVÍKURBORG** Gjaldfrjálsum bílastæðum fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar verður fækkað á næstu misserum. Ráðhúsið og skrifstofa borgarinnar í Borgartúni eru dæmi um mannmarga vinnustaði borgarinnar sem líklegt er að finni fyrir því.

Breytingarnar eru hluti af „grænni samgöngustefnu“ sem Reykjavíkurborg hefur tekið upp og miðar að því að hvetja starfsmenn borgarinnar til að fara um með umhverfisvænni hætti. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hversu mörgum stæðum verður fækkað, að sögn Gísla Marteins Baldurssonar, formanns umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar. Stefnan verði útfærð á hverjum vinnustað borgarinnar fyrir sig. „Við munum hvetja okkar starfsmenn til að koma til vinnu öðruvísi en á bíl. Hluti af því er að fækka ókeypis bílastæðum við vinnustaðina en reyna á móti að styrkja þá sem vilja koma með öðrum hætti til vinnu.“

Gísli telur að starfsmenn borgarinnar muni ekki líta á fækkun gjaldfrjálsra bílastæða sem kjaraskerðingu. „Það er ekki markmiðið að skerða kjör heldur einmitt að bjóða möguleika sem koma betur út fyrir starfsmanninn fjárhagslega. Allir sem vinna í miðbænum búa við gjaldtöku og það er almenn sátt í samfélaginu að svo sé. Er endilega eðlilegt að annað gildi um starfsmenn borgarinnar?“ spyr Gísli. **- hhs**



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** Reykjavíkurborg hefur tekið upp græna samgöngustefnu sem felur meðal annars í sér að færri starfsmenn borgarinnar fá ókeypis bílastæði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir símatil- boðum Nova.
Gildir í áskrift og frelsi.




0 kr. útborgun
Nokia 3120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði. 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.

3.900 kr. útborgun
Samsung U800
Afborgun 2.000 kr. á mánuði. 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 27.900 kr.

0 kr. Nova í Nova – einnig fyrir myndsímtöl!

# Ertu mikið fyrir að borga lítið?

O kr. Nova í Nova fyrir símtöl, myndsímtöl, SMS og MMS til rúmlega fimmtíu þúsund viðskiptavina Nova – hvort sem þú þekkir þá eða ekki. Vertu velkomin(n) á stærsta skemmtistað í heimi!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 11.09.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,62 | 124,22 |
| Sterlingspund | 206,44 | 207,44 |
| Evra | 180,51 | 181,53 |
| Dönsk króna | 24,247 | 24,389 |
| Norsk króna | 20,834 | 20,956 |
| Sænsk króna | 17,673 | 17,777 |
| Japanskt jen | 1,3592 | 1,3672 |
| SDR | 195,73 | 196,89 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,6504

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrotabú Baugs kann að eiga kröfu á Kaupþing vegna uppgreiðslu lána:

# Krafa upp á milljarða króna

**FJÁRMÁL** Þrotabú Baugs kann að geta krafið Kaupþing um milljarða íslenskra króna vegna uppgreiðslu á lánum með söluandvirði Haga. Aðrir kröfuhafar hefðu átt ríkari rétt á að fá skuldir sínar greiddar en bankinn. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Fjárfestingarfélagið Gaumur, sem er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu, fékk 30 milljarða króna lán frá Kaupþingi til að kaupa 95 prósenta hlut í Högum af Baugi Group í gegnum félagið 1998 ehf.

Lánið sem Kaupþing veitti til kaupanna á Högum notaði Baugur Group til að greiða niður skuldir við Kaupþing að upphæð 25 milljarða og Glitni að upphæð fimm milljarða.

Baugsfjölskyldan tók því 30 milljarða króna lán til að kaupa Haga af sjálfri sér og notaði lánið til að greiða niður aðrar skuldir við lánveitandann sjálfan og Glitni.

Umræða hefur skapast um hvort rifta eigi kaupunum. Samkvæmt heimildum Stöðvar tvö kemur líka til greina að rifta öðrum þáttum samningsins. Til að mynda hafi ekki þótt forsvaranlegt að nota það sem eftir stóð af láninu, eftir að búið var að losa öll veð, til uppgreiðslu á öðrum lánum hjá bankanum. **- hhs**



**HÖFUÐSTÖÐVARNAR** Baugur var með höfuðstöðvar á Íslandi en starfsemi víðs vegar um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dýrasti hundur sögunnar:

# Seldur á sjötíu milljónir króna

**VIÐSKIPTI Hundur af tíbetsku kyni, sem heitir Yangtze Fljótið Númer Tvö, hefur verið seldur konu í Shaanxi-héraði í Kína fyrir rúmar 70 milljónir króna. Er hann því dýrasti hundur sögunnar.**

**Fyrra metið átti Labrador-hundurinn Lancelot Encore sem kostaði fjölskyldu í Flórída rúmlega 18 milljónir króna.**

**Samkvæmt frétt um málið í blaðinu The Times mun núverandi eigandi Yangtze Fljótið Númer Tvö, frú Wang, hafa leitað í ein tvö ár í Kína að fullkomnu eintaki af þessari hundategund.**



**LÍKAN AÐ GERVITAUG** Kári Már kynnti verkefni sitt í Menntaskólanum Hraðbraut fyrir helgi.

Ungur vísindamaður:

# Sautján ára keppir í París

**VÍSINDI** Kári Már Reynisson, sautján ára stúdent frá Menntaskólanum Hraðbraut, hélt til Parísar fyrir helgi þar sem hann keppir fyrir hönd Íslands í Evrópukeppni ungra vísindamanna. Um fjörutíu lönd taka þátt í keppninni.

Verkefni Kára Más, Líkan að gervitaug, bar sigur úr býtum í Landskeppni ungra vísindamanna sem fram fór við Háskóla Íslands í vor. Verkefnið byggir á hugmynd um hönnun tækis sem á að geta lesið taugaboð í enda taugar sem hefur farið í sundur, flutt þau ákveðna vegalengd og komið boðunum til skila til líffæris, svo sem vöðva, eða inn í fjarlægari taugaenda. **- kg**

Fjármálastofnunum fækkar:

# Hundrað bönkum verið lokað

**BANDARÍKIN Regluverðir í Bandaríkjunum lokuðu þremur bönkum þar í landi fyrir helgi, en alls hafa 92 bankar orðið gjaldþrota í Bandaríkjunum það sem af er ári. Bankarnir eru í Illinois, Minnesota og Washington.**

**Innstæðutryggingasjóðurinn í Bandaríkjunum tók bankana yfir en í húfi eru háar innistæður. Innstæður upp að 250 þúsund dölum eru tryggðar.**

# Stökk í höfnina eftir manni

**Maður á þrítugsaldri fannst látinn í Reykjavíkurhöfn í gær. Tvítugur starfsmaður Kolaportsins brást snarlega við og fór í sjóinn til aðstoðar en maðurinn var þá látinn. Lögregla vissi ekki í gær hver hinn látni væri.**

**LÖGREGLUMÁL** Maður á þrítugsaldri fannst látinn í Reykjavíkurhöfn í gærmorgun. Ekki var ljóst í gærkvöld hver maðurinn væri og það sama gilti um tildrög þess að hann fór í höfnina.

Hrafn Davíð Hrafnsson, tvítugur starfsmaður í Kolaportinu, brást snarlega við og rauk út þegar hann heyrði að maður væri í höfninni. Hrafn segist fyrst hafa haldið að einhver væri að synda í sjónum eða þá að þetta væri einhver sem kynni ekki að synda. Ungur maður á hafnarbakkanum hafi hins vegar sagt honum áhyggjufullur á svip að maðurinn í sjónum væri látinn.

„Þá leit ég niður í höfnina og sá strák sem flaut algerlega hreyfingarlaus og með andlitið niður. Ég gerði ráð fyrir að hann væri nýdottinn út í og hefði kannski rekið hausinn í og rotast, þannig að mín fyrstu viðbrögð voru að hendast út í. Ég krækti í manninn og hélt höfðinu á honum upp úr," lýsir Hrafn, sem kveðst hafa nýlokið námskeiði í skyndihjálp.

„Ég athugaði púlsinn en fann engan. Ég vissi eiginlega ekki hvað ég átti að gera því ég gat ekki gert neinar lífgunartilraunir þarna ofan í og gat ekki komið manninum einn upp úr," segir Hrafn, sem telur sig hafa verið um fimm mínútur í sjónum áður en tveir lögreglumenn komu að og tóku við af honum.

„Þetta var ungur strákur á bilinu 25 til 28 ára. Það var svo hræðilegt að bróðir minn er á þessum aldri og hann var svipaður honum. Það vill þannig til að við vorum að steggja bróður minn um daginn og við köstuðum honum þá í sjóinn. Þegar ég var kominn aftur upp á bakkann fékk ég svo mikið sjokk að ég fór inn í sjúkrabíl og brotnaði aðeins niður," játar Hrafn, sem þáði í kjölfarið áfallahjálp á Landspítalanum áður en hann fór heim til sín.

Eins og áður segir hafði lögregla enn ekki komist að því í gærkvöld hver hinn látni væri. Í lýsingu lögreglunnar segir að maðurinn hafi verið tuttugu til þrjátíu ára gamall, um 170 sentímetrar á hæð, grannvaxinn, sólbrúnn og dökkhærður með dökkt tveggja daga skegg. Þá hafi hinn látni verið í bláum og gulum munstruðum bol, dökkbláum gallabuxum, svörtum Puma-skóm með hvítum röndum og hvítri úlpu með gráum ermum. Á manninum hafi fundist lyklar að gamalli Mitsubishi-bifreið og húslykill. **gar@frettabladid.is**



**REYKJAVÍKURHÖFN Í GÆR** Mikill viðbúnaður var þegar tilkynnt var um mann í höfninni í Reykjavík snemma í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍÐA



**HRAFN DAVÍÐ HRAFNSSON** Hikaði ekki við erfiðar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**RÆTT VIÐ SJÓNARVOTT** Lögregla vissi ekki í gær hver hinn látni væri. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN





Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk.. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HLÝTT UM ALLT LAND**

Núna liðna helgi var einstök veðurblíða á norðaustan- og austanverðu landinu. Þeir mun áfram hafa besta veðrið þó eitthvað dragi úr mestu hitunum og sólin verður meira hulin skýjum. Sunnanlands og vestan er úrkomuloft sem færist í aukana eftir því sem líður á daginn og þá má jafnvel búast við vætu fyrir norðan.




**Á MORGUN**
5-13 m/s, hvassast með SA-ströndinni.

**MIÐVIKUDAGUR**
5-10 m/s, stífastur vestan til á landinu.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Amsterdam | 18° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 19° |
| Brussel | 15° |
| Eindhoven | 17° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 19° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| Osló | 17° |
| París | 18° |
| Róm | 26° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


TAL
Alltaf ódýrara net
Tal
Tal 10 GB
Mesti hraði, allt að 12 Mbit/s*
10 GB erlent niðurhal
3.490 kr.
mánaðargjald
* mesti hraði miðað við gæði línunnar.
Síminn
Leið 1
Hraði allt að 2 Mb/s
Gagnamagn 10 GB
4.190 kr.
mánaðargjald
Skv. siminn.is
Vodafone
Huggulega netið
Mesti hraði, allt að 12 Mbit/s
10 GB erlent niðurhal
4.190 kr.
mánaðargjald
Skv. vodafone.is
Nýr netpakki fyrir þá sem vilja mikið niðurhal:
TAL 120 GB - mesti hraði, allt að 12 Mbit/s
6.990 kr.
mánaðargjald
Allur Pakkinn
frá 3.490 kr. á mánuði
Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm
HEIMASÍMI
SJÓNVARP
NET
GSM
Þjónustuver 1817 | Sími 445 1600 | Fax 445 1601 | tal@tal.is | Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík

**KJÖRKASSINN**



*Veldur plássleysi í fangelsum þér áhyggjum?*

| | |
|---|---|
| Já | 80,0% |
| Nei | 20,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu búin(n) að fara í réttir eða ætlar þú að gera það?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Þingmenn Borgarahreyfingarinnar íhuga hvort þeir starfi áfram með hreyfingunni:

# Valgeir nýr formaður Borgarahreyfingar

**STJÓRNMÁL** Valgeir Skagfjörð tók í gær við formannsstöðu Borgarahreyfingarinnar. Heiða B. Heiðars er nýr varaformaður og Sigurður Hr. Sigurðsson ritari. Stjórnarkjör fór fram á landsfundi hreyfingarinnar á laugardag.

Tillaga að nýjum lögum fyrir hreyfinguna var samþykkt á fundinum, þvert á vilja þingmannanna Þórs Saari, Birgittu Jónsdóttur og Margrétar Tryggvadóttur, sem öll yfirgáfu fundinn í framhaldinu.

Í kjölfarið gáfu þingmennirnir út yfirlýsingu, þar sem fram kemur sú skoðun að nýsamþykkt lög gangi í berhögg við tilgang og stefnu hreyfingarinnar. Hreyfingunni hafi verið breytt í miðstýrðan stjórnmálaflokk, og þingmennirnir muni taka sér tíma til að ákveða hvort og hvernig þeir sjái sér fært að starfa áfram með Borgarahreyfingunni.

Valgeir Skagfjörð, nýr formaður hreyfingarinnar, segist vera maður sátta og samlyndis. „Við viljum endilega að þingmennirnir tali við okkur, til að vinna að því sem við höfum stefnt að frá byrjun. Við hörmum þær deilur sem verið hafa innan hreyfingarinnar, en nýkjörin stjórn er staðráðin í að snúa þessu tafli við. Við ætlum að ná aftur fyrra fylgi, efla grasrótina og herða róðurinn.“



**VALGEIR SKAGFJÖRÐ**

Valgeir vísar ummælum þingmannanna um miðstýrðan stjórnmálaflokk á bug. Tillögurnar stuðli að auknu lýðræði og mikilli valddreifingu. Verið sé að ganga frá nýjum lögum út frá breytingartillögum af landsfundinum. Vel komi til greina að hreyfingin bjóði fram í sveitarstjórnarkosningum á næsta ári. **- kg**

**ÞINGMENNIRNIR** Þeir eru ósáttir við tillögu að lögum sem samþykkt var á landsfundinum. Nýr formaður segir lögin verða birt á næstu dögum.








# Vonar að kröfuhafar eignist Íslandsbanka

**Kröfuhafar Glitnis ákveða fyrir mánaðamót hvort þeir eignast 95 prósent í Íslandsbanka. Fjármálaráðherra segir að með því myndu kröfuhafarnir veðja á gott gengi íslenska hagkerfisins og andrúmsloftið batna gagnvart Íslendingum.**

**BANKAR** Fjármálaráðuneytið og skilanefnd Glitnis fyrir hönd kröfuhafa bankans undirrituðu í gær samkomulag um uppgjör vegna Glitnis.

Samkvæmt samkomulaginu fá kröfuhafar Glitnis tvo kosti að velja úr fram til 30. september næstkomandi. Annars vegar geta þeir valið að eignast 95 prósenta hlut í Íslandsbanka fyrir kröfur sínar í Glitni og hins vegar stendur þeim til boða skuldabréf sem Íslandsbanki gæfi út. Þessum síðari kosti fylgir síðan að kröfuhafarnir fá forkaupsrétt á allt að 90 prósenta hlut í Íslandsbanka á árunum 2011 til 2015.

Verði fyrri kosturinn ofan á mun ríkið eiga aðeins 5 prósent í Íslandsbanka og fá til baka stærstan hluta þeirra 65 milljarða króna sem lagðar voru til bankans sem eiginfé í sumar. Ríkið myndi þó veita bankanum 25 milljarða víkjandi lán.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir það stóran áfanga að málið sé í höfn með samkomulagi aðila. Sambærilegt samkomulag var gert við skilanefnd gamla Kaupþings í sumar en þar hafa kröfuhafar frest út október til að gera upp hug sinn. Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, segir samkomulagið sanngjarnt og hagsmunir kröfuhafa séu varðir eins vel og hægt sé.

Fjármálaráðherra segir að í ljósi stöðunnar séu báðir ofangreindir kostir ágætir. Hann kveðst þó vonast til að meiri líkur séu á að kröfuhafar velji í báðum tilvikum þann kost að eignast bankana, meðal annars í ljósi þeirra byrða sem ríkið hefur þurft að taka á sig.

„Ef þetta yrði niðurstaðan í tilviki bæði Íslandsbanka og Kaupþing þá munar það stórum fjárhæðum fyrir ríkið. Það hefði þann kost að þar með ættu kröfuhafarnir þeirra hagsmuna að gæta að bankakerfinu vegni vel. Þeir taka sér þá stöðu ekki bara með bönkunum heldur íslenska hagkerfinu og eru að veðja á gott gengi þess í framtíðinni. Það hefði góð áhrif á andrúmsloftið í samskiptum Íslands við fjármálaheiminn út á við,“ segir Steingrímur sem aðspurður kveðst ekki óttast að með breyttu eignarhaldi bankanna verði örðugra um vik fyrir ríkisvaldið að ná markmiðum um endurreisn atvinnulífsins og stuðning við heimili landsmanna:

„Það verður sameiginlegt hagsmunamál bankanna og þeirra viðskiptavina að það leysist vel úr þeirra málum – enda er þegar frá því gengið og undirbúið hvernig bankarnir vinni að því. Ég hef ekki trú á því að vegna þess að eignarhald einhvers banka væri svona en ekki hinsegin að hann færi að skerast úr leik í þeim almennu aðgerðum og ráðstöfunum sem eru í gangi.“ **gar@frettabladid.is**



**TVÆR LEIÐIR** Skilanefnd Glitnis ásamt fulltrúum fjármálaráðuneytisins og fulltrúum Íslandsbanka gengu í gær frá samkomulagi sem býður kröfuhöfum Glitnis tvo kosti til að fá verðmæti fyrir kröfur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






Gestir ráðstefnunnar Driving Sustainability prufukeyra rafmagnssportbílinn Tesla:

# Í hundrað á fjórum sekúndum

**UMHVERFISMÁL** „Þessi bíll ætti að útrýma hugmyndinni um sænska líffræðinginn við stýrið á litlum, kraftlausum og hallærislegum bíl,“ segir Teitur Þorkelsson hjá ráðgjafafyrirtækinu Framtíðarorku, um rafmagnssportbílinn Tesla.

Bíllinn verður til sýnis og reynsluaksturs fyrir gesti ráðstefnunnar Driving Sustainability sem hefst á Hilton í dag. Hann nær hundrað kílómetra hraða á innan við fjórum sekúndum og gengur eingöngu fyrir rafmagni.

Um 200 manns sækja ráðstefnuna, meðal annarra sérfræðingar frá stærstu bílaframleiðendum heims, orkufyrirtækjum og háskólum. Forystuhlutverk Norðurlanda og möguleikar Íslands í nýjum orkulausnum í samgöngum verða í brennidepli.

Fyrirtækið Framtíðarorka, sem sérhæfir sig í miðlun þekkingar á möguleikum í notkun hreinnar orku í samgöngum, hefur veg og vanda af ráðstefnunni, sem Norræna ráðherranefndin og Reykjavíkurborg styrkja. „Í ljósi þess að hægt er að spara milljarð króna á mánuði í gjaldeyri með því að nota innlenda orku á bílana á þetta efni betur við en nokkru sinni,“ segir Teitur og vísar þar til þess að Íslendingar kaupa eldsneyti fyrir 12,7 milljarða króna á ári. **- hhs**



**KRAFTMIKILL** Teitur Þorkelsson hjá Framtíðarorku og Gísli Gíslason hjá fyrirtækinu 2012, eiganda Tesla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# SEVERIN

KÆLING FRYSTING

## Ódýrir og endingargóðir kæliskápar



**KS9814**
Hvítur kæliskápur 50 lítra kæli og 5 lítra frystiboxi. Orkunýting B. Mál (hxbxd): 51x50,4x49,5sm

FROST VERÐ **33.900** FULLT VERÐ 38.900



**KS9892**
Hvítur KÆLISKÁPUR 102 lítra kæli og 2 lítra frystiboxi. Orkunýting B. Mál (hxbxd): 85x50x50sm

FROST VERÐ **44.900** FULLT VERÐ 49.900



**KS9890**
Hvítur KÆLISKÁPUR 72 lítra kæli og 2 lítra frystiboxi. Orkunýting B. Mál (hxbxd): 85x50x50sm

FROST VERÐ **49.900** FULLT VERÐ 55.900



**KS9760**
Hvítur 144sm KÆLISKÁPUR með 166 lítra kæli og 46 lítra frysti. Orkunýting A+. Frystigeta: 2kg á sólahring. Mál (hxbxd): 144x56x60sm.

FROST VERÐ **69.900** FULLT VERÐ 79.900



**KS9761**
144sm stál KÆLISKÁPUR með 166 lítra kæli og 46 lítra frysti. Orkunýting A+. Frystigeta: 2kg á sólahring. Mál (hxbxd): 144x56x60sm.

FROST VERÐ **79.900** FULLT VERÐ 89.900



**KS9720**
145sm KÆLISKÁPUR með 275 lítra kæli. Orkunýting A+. Mál (hxbxd): 145x60x60sm.

FROST VERÐ **89.900** FULLT VERÐ 99.900



**KS9845**
145sm KÆLISKÁPUR með 231 lítra kæli og 170 lítra frysti. Orkunýting A. Frystigeta: 5kg á sólahring. Mál (hxbxd): 145x60x60.

FROST VERÐ **99.900** FULLT VERÐ 112.900



**KS9853**
173sm KÆLISKÁPUR með 193 lítra kæli og 92 lítra frysti. Orkunýting A. Frystigeta: 24kg á sólahring. Mál (hxbxd): 173x60x60.

FROST VERÐ **115.900** FULLT VERÐ 129.900



**KS9871**
176sm stál FRYSTISKÁPUR með 191 lítra kæli og 88 lítra frysti. Orkunýting A. Frystigeta: 24kg á sólahring. Mál (hxbxd): 176x60x620.

FROST VERÐ **159.900** FULLT VERÐ 179.900

*Aðeins brot af úrvalinu*
*Verið velkomin í verslun okkar*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hve margir hafa fengið svínaflensu á Íslandi?*
2. *Hvaða íslenski kokkur er nú í tökum fyrir nýja matreiðsluþætti?*
3. *Hvaða erlendi leikari hefur tekið að sér hlutverk í nýrri mynd Valdísar Óskarsdóttur?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 22

Leiksýningin Frida … viva la vida sögð sú „mexíkóskasta utan Mexíkó“:

# Boðið að sýna Fridu í Mexíkó

**MENNING** Leiksýningin Frida … viva la vida verður að öllum líkindum sýnd í Mexíkó á næsta ári. Edgardo Bermejo Mora, menningarfulltrúi Mexíkó á Norðurlöndunum, var viðstaddur frumsýningu verksins á föstudag og varð svo hrifinn að hann ætlar að vinna að því að koma sýningunni á leiklistarhátíðir í Mexíkó. Þá hefur hann boðist til þess að finna þýðanda til að snara verkinu yfir á spænsku.

Atli Rafn Sigurðarson, leikstjóri sýningarinnar, hitti Mora í gær. „Hann kallaði sýninguna mexíkóskustu leiksýningu sem hann hefði séð utan heimalandsins og taldi hana eiga erindi við Mexíkóbúa. Mora er velmetinn rithöfundur og þar að auki menningarfulltrúi sem vinnur við að velja verk inn á sýningar hinna ýmsu hátíða, svo við erum mjög ánægð með þetta,“ segir Atli að vonum stoltur, enda ekki einungis leikstjóri verksins heldur líka eiginmaður höfundar og aðalleikkonu verksins, Brynhildar Guðjónsdóttur.

Atla leiðist ekki tilhugsunin að sýna í Mexíkó. „Það verður súrrealískt að leika þetta fólk, Fridu og Diego, fyrir Mexíkóa. Það má líkja þessu við það ef mexíkóskur leikhópur sýndi víkingaleikrit hér á landi.“ **- hhs**




**FRIDA OG DIEGO** Menningarfulltrúi Mexíkó á Norðurlöndunum hreifst af sýningunni Frida … viva la vida. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Ellibylgja austanhafs:

## 40.000 Japanar 100 ára og eldri

**JAPAN** Meðalaldur japönsku þjóðarinnar fer nú ört hækkandi og eru yfir 40.000 Japanar orðnir hundrað ára og eldri.

Hefur þessum aldurshópi fjölgað um tíu prósent á einu ári.

Af þeim sem orðnir eru hundrað ára og eldri eru konur í miklum meirihluta, eða 87 prósent, enda verða japanskar konur allra elstar í heiminum að meðaltali.

Ástæður fyrir háum aldri hjá japönsku þjóðinni má rekja til heilsusamlegs fæðis, góðs heilbrigðiskerfis og mikils félagslífs meðal eldri borgara í Japan. **- kg**

Starfsmenn Hvíta hússins:

## Segja aðgerðir hafa skapað milljón starfa

**BANDARÍKIN** Starfsmenn Hvíta hússins í Washington fullyrða að björgunarpakkinn sem Bandaríkjaþing samþykkti fyrr á árinu hafi nú þegar skapað 1,1 milljón nýrra starfa í Bandaríkjunum.

Öldungadeild og fulltrúadeild Bandaríkjanna samþykktu um miðjan febrúar aðgerðapakka Baracks Obama sem metinn var á tæpa 790 milljarða dala, eða sem nemur um níutíu þúsund milljörðum íslenskra króna. Björgunarpakkanum var ætlað að skapa um 3,5 milljónir nýrra starfa.

Timothy Geithner fjármálaráðherra segir bandarískan efnahag hafa verið undir miklum þrýstingi en nú sé farið að draga úr samdrætti.

Norðurlandamótið í skák:

## Salaskóli fagnar Norðurlandameistaratitli

**SKÁK Skáksveit Salaskóla í Kópavogi hefur tryggt sér Norðurlandameistaratitil grunnskóla í skák þrátt fyrir að ein umferð sé eftir í keppninni. Sveitin hefur unnið allar viðureignir sínar og á nú aðeins eftir að keppa við aðra sveit heimamanna.**

**„Afrek þessarar sveitar eru einstök en hún skartar nú Íslandsmeistaratitli, Norðurlandameistaratitli og heimsmeistaratitli. Ólíklegt er að nokkur skáksveit grunnskóla hafi unnið þvílík afrek,“ segir á heimasíðu Salaskóla.**

**Í sveitinni eru Patrekur Maron Magnússon, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Páll Andrason, Eiríkur Brynjarsson og Guðmundur Kristinn Lee.**






# Búist við tvísýnum úrslitum í Noregi

**Norðmenn kjósa sér nýtt þing í dag. Skoðanakannanir sýna að mjótt verður á mununum. Stjórn Jens Stoltenberg má ekki missa mikið fylgi til að falla.**

**NOREGUR** Jens Stoltenberg, leiðtogi norska Verkamannaflokksins, hefur verið forsætisráðherra meirihlutastjórnar vinstriflokkanna í Noregi í heilt kjörtímabil, sem er afrek út af fyrir sig því áður en sú stjórn tók við árið 2005 hafði meirihlutastjórn ekki farið með völd þar í landi síðan 1985.

Hin „rauðgræna“ stjórn Verkamannaflokksins og Vinstri sósíalista, með þátttöku Miðflokksins, virðist þó samkvæmt flestum skoðanakönnunum síðustu daga varla geta haldið meirihluta á þingi eftir kosningarnar í dag.

„Þetta sýnir að hvert atkvæði skiptir máli,“ sagði Stoltenberg um helgina.

Að minnsta kosti verður mjótt á mununum og von er á spennandi talningu í kvöld. Fari svo að stjórnin falli er vandséð hvers konar stjórnarmynstur verður mögulegt.

Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn er Framfaraflokkurinn, sem varla getur þó tekið þátt í meirihlutastjórn vegna þess að aðrir flokkar geta ekki hugsað sér að starfa með honum, að undanskildum Hægriflokknum sem þó er tvístígandi.

Norska „járnfrúin“ Siv Jensen tók við forystu í flokknum árið 2006 af Carl I. Hagen og hefur áfram haldið uppi merkjum róttækrar einstaklingshyggju og strangrar innflytjendastefnu.

Flokkurinn hefur jafnt og þétt bætt við sig fylgi undanfarna áratugi og nú er svo komið að þótt aðrir flokkar vilji helst ekki starfa með honum gæti orðið nánast útilokað að mynda meirihlutastjórn í landinu án þátttöku hans.

Kosningabaráttan hefur að nokkru snúist um hvað gera eigi við myndarlegan olíusjóð Norðmanna, sem ríkið hefur safnað í áratugum saman með tekjum af olíuvinnslu í Norðursjó.

Stoltenberg hefur verið gagnrýndur bæði fyrir að hafa notað of mikið af þessum sjóði og fyrir að hafa notað of lítið af honum.

Jensen hefur meðal annars sagt að hann eigi að verja peningum úr sjóðnum strax til að fjárfesta í heilbrigðiskerfi og samgöngum, frekar en að bíða þangað til hann sjálfur verður gamall og þarf á aðstoð að halda.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**JENS STOLTENBERG** Meirihlutastjórn vinstri- og miðflokka Noregs hefur haldið út í heilt kjörtímabil. NORDICPHOTOS/AFP

### LITLAR FYLGISBREYTINGAR

| | *Úrslit kosninga 2005* | *Nýjasta Gallupkönnunin* |
|---|---|---|
| **Rauðgræna stjórnin** | | |
| Verkamannaflokkurinn | 32,7% | 32,5% |
| Sósíalíski vinstriflokkurinn | 8,8% | 7,2% |
| Miðflokkurinn | 5,4% | 6,1% |
| **Stjórnarandstaða hægri flokkanna** | | |
| Framfaraflokkurinn | 22,1% | 22,7% |
| Hægriflokkurinn | 14,1% | 17,8% |
| Kristilegi þjóðarflokkurinn | 6,8% | 5,7% |
| Frjálslyndir (Venstre) | 5,9% | 5,2% |

Ný bók um kynbundið ofbeldi á Íslandi:

# Ofbeldið er þjóðinni dýrkeypt

**ÚTGÁFA** Kynbundið ofbeldi gæti kostað þjóðina nærri hálfan annan milljarð króna á ári, samkvæmt útreikningum Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur.

Bók Þórdísar, Á mannamáli, sem fjallar um kynbundið ofbeldi á Íslandi, kemur út á morgun.

Útreikningana byggir Þórdís á meðaltali útreikninga á kostnaði vegna kynbundins ofbeldis hjá þremur Evrópuþjóðum. Miðað er við beinan kostnað ríkisins, til dæmis vegna dómskerfis og heilbrigðiskerfis, kostnað brotaþola sjálfra og vinnuveitenda þeirra. Er þá ótalinn miski sem erfitt er að meta til fjár.



**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir** Samkvæmt bók hennar gæti kynbundið ofbeldi kostað þjóðina nærri hálfan annan milljarð.

Í bók sinni bendir Þórdís á að þrátt fyrir þennan gífurlega kostnað sé vilji stjórnvalda til úrbóta furðu lítill. Til dæmis virðist íslensk stjórnvöld enga heildaryfirsýn hafa yfir framgang mála á aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis sem gekk í gildi í nóvember 2006. Í bókinni kemur fram að við heimildaöflun vegna ritunar hennar hafi Þórdísi gengið illa að fá upplýsingar um framgang áætlunarinnar hjá þeim ráðuneytum sem ætlað var að bera ábyrgð á tilteknum liðum hennar.

Í bók Þórdísar er einnig fjallað um kærur og dóma í kynferðisbrotamálum og umræðuna sem fram fer í samfélaginu, þar á meðal í fjölmiðlum, um kynbundið ofbeldi.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Vertu þinn eiginn listræni stjórnandi

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**Opið hús laugardaginn**
**5. september kl. 13:00**

AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN Morgunblaðið

REGNBOGAKORTIÐ

## Veldu 4-8 tónleika af efnisskrá starfsársins

**20% afsláttur** af almennu miðaverði *

**50% afsláttur** fyrir námsmenn og alla yngri en 25 ára

Regnbogakort Sinfóníuhljómsveitarinnar er hagkvæm leið til að setja saman eigin tónleikaröð fyrir veturinn, tryggja fast sæti og fá jafnframt ríflegan afslátt. Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á www.sinfonia.is.

Nokkrar góðar tillögur:

| SÍGILDIR SLAGARAR | RÚSSNESKA RÖÐIN | PÍANÓRÖÐIN |
|---|---|---|
| 22.10.09 John Williams | 10.09.09 Tsjajkovskíj og Prokofíev | 10.09.09 Sergio Tiempo |
| 29.10.09 Eftirlætis Mozart | 05.11.09 Eldfuglinn | 19.11.09 Antti Siirala |
| 26.11.09 Uppáhalds rómantík | 21.01.10 Stravinskíj og Prokofíev | 03.12.09 Ástríður Alda Sigurðardóttir |
| 11.02.10 Carmina Burana | 29.04.10 Músorgskíj og Tsjajkovskíj | 21.01.10 Lise de la Salle |
| 23.04.10 Árstíðirnar fjórar | 10.06.10 Sjostakovitsj no.10 | 25.02.10 Víkingur Heiðar Ólafsson |

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17

* miðast við almennt miðaverð 3.700 kr. í sætaröð 1-20



**STUND MILLI STRÍÐA** Þessi selur nýtti tækifærið og hvíldi höfuðið á körfubolta á milli sýninga í dýragarði í Ungverjalandi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talíbanar og bandarískir hermenn féllu í átökum í vesturhluta Afganistans á laugardaginn var:

# Mannskæð átök urðu í Afganistan

**AFGANISTAN, AP** Tugir talíbana, auk þriggja bandarískra og sjö afganskra hermanna, eru látnir eftir átök í vesturhluta Afganistan á laugardag.

Átökin urðu í Farah-héraði, á yfirráðasvæði talíbana. Hermennirnir létust eftir árás talíbana, sem höfðu komið tveimur sprengjum fyrir við vegkant auk þess sem þeir skutu á herliðið og köstuðu handsprengjum.

Í framhaldinu urðu hörð átök á milli hermanna og talíbana sem vörðu í átta klukkustundir, að sögn talskonu í bandaríska hernum.

Flugvélar á vegum NATO vörpuðu sprengjum á talíbanana, en ekki er enn vitað hversu margir létust við það.

Alls er talið að um fimmtíu talíbanar hafi látist í átökunum. Kona og unglingsstúlka létust einnig í átökunum eftir að eldflaug frá talíbönum hæfði hús sem þær voru í.

Yfirvöld í Afganistan greindu einnig frá því á laugardag að fimmtíu manns, meðal annars óbreyttir borgarar, hefðu látið lífið í nokkrum öðrum árásum uppreisnarmanna.

- þeb



**AFGANISTAN** Tíu hermenn létust í árásum talíbana í Farah-héraði. Árásinni var svarað með loftárásum og um fimmtíu talíbanar létu lífið í þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Ísraels féll í yfirlið:

## Peres útskrifaður af spítala

**ÍSRAEL, AP** Forseti Ísraels, Shimon Peres, missti meðvitund á sviði í Tel Aviv á laugardag. Hann var fluttur á spítala til athugunar en var útskrifaður í gær.



**SHIMON PERES**

Peres hélt ræðu um leiðtogahæfileika á ráðstefnu og var að svara spurningum þegar hann missti meðvitund. Hann rankaði þó við sér nokkrum sekúndum síðar. Talsmenn hans hafa kennt miklu álagi og miklum hita um yfirliðið.

Forsetinn hvíldist að mestu í gær en hélt þó fund með George Mitchell, sérstökum sáttasemjara um málefni Ísraels og Palestínu.

- þeb

Lítið spurst af um fjörutíu atvinnuumsóknum Íslendinga sem Vinnumálastofnun hefur sent til Kanada:

# Ekkert upplýsingaflæði frá Manitoba

**ATVINNUMÁL** „Þessa dagana erum við að ýta á vinnumálayfirvöld í Manitoba til að fá fregnir af því hvað verður af þeim umsóknum sem við sendum út. Við viljum fá að sjá að verkefnið sé eitthvað að rúlla áfram. Það vantar allt upplýsingaflæði,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar. Ísland og Manitoba-fylki í Kanada gerðu í byrjun mars með sér samkomulag sem miðaði að því að skapa atvinnumöguleika fyrir Íslendinga í fylkinu til eins árs. Í kjölfarið hefur Vinnumálastofnun sent um fjörutíu umsóknir Íslendinga til Kanada, en samkvæmt Gissuri hefur lítið sem ekkert spurst af afdrifum þeirra umsókna.

Samkomulagið frá því í mars miðaði að því að atvinnuleyfisferlið yrði styttra og sveigjanlegra en vant er í þessum heimshluta. „Ég hugsa að ferlin varðandi þessi tímabundnu atvinnuleyfi, sem ætlunin var að gefa út, hafi ekki gengið eins hratt fyrir sig og vonir stóðu til,“ segir Gissur.

„Þetta er þungur ferill, og Manitoba-fylki getur ekki sett reglur sem stangast á við alríkisreglur í Kanada. Þarna hefur myndast ákveðin spenna á milli. Fylkið vill gera ferilinn sveigjanlegri en þeim er heimilt, lagalega séð. Menn eru að rekast á ýmsar skrifræðislegar hindranir með þetta,“ segir Gissur.



**GISSUR PÉTURSSON**

Samkvæmt Gissuri þarf þó ekki að vera að engar ráðningar hafi átt sér stað í kjölfar sendra umsókna. „Slíkar ráðningar eru ekki beinlínis skráðar hjá okkur. Því búum við ekki yfir tölfræði varðandi þær. Við höfum ekki heyrt af nema tveimur endanlegum ráðningum, en auðvitað er líka fólk að fara þangað út upp á eigin spýtur, en ekki í gegnum okkur,“ segir Gissur Pétursson.

- kg



**SAMKOMULAG** Fjöldi manns sótti kynningarfund um atvinnutækifæri í Kanada sem haldinn var í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Fjörutíu manns létust:

## Eldsvoði á meðferðarheimili

**KASAKSTAN, AP** Allt að fjörutíu manns létu lífið í eldsvoða í Kasakstan í gær. Eldurinn kom upp á meðferðarheimili fyrir eiturlyfjafíkla. Fjörutíu manns var bjargað úr eldinum.

Öryggismálum á meðferðarheimilinu var mjög ábótavant. Meðal annars voru rimlar fyrir gluggum sem áttu að vera neyðarútgangar. Engir reykskynjarar eða aðrar brunavarnir voru í húsinu, sem var rúmir 650 fermetrar. Ekki er vitað hver orsök eldsins var.

Tæplega tíu þúsund eldsvoðar urðu í Kasakstan á fyrstu átta mánuðum ársins. - þeb

Neytendasamtökin óánægð með úthringiátak öryggisvörslufyrirtækis sem staðið hefur yfir:

# Þykir sölumennska Securitas óábyrg

**NEYTENDUR** „Okkur finnst þetta óábyrg sölumennska og einkennilegt að fyrirtæki sem vill tengja sig við öryggi kjósi að kynna þjónustu sína á þennan hátt,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, starfsmaður Neytendasamtakanna. Samtökunum hefur borist kvörtun vegna símasölu öryggisvörslufyrirtækisins Securitas.

Á heimasíðu Neytendasamtakanna kemur fram að hringt hafi verið í félagsmann samtakanna að kvöldi til og honum boðin öryggisráðgjöf. Þótti manninum varhugavert að útlista í síma hvort og með hvaða hætti hann tryggði öryggi heimilisins.

Brynhildur segir viðkomandi félagsmann hafa brugðist hárrétt við hringingunni. „Hann gaf ekki upp neinar upplýsingar, heldur skellti á og kannaði svo hvaðan hringingin kom. Undanfarið hefur heyrst mikið af því að óprúttnir aðilar séu að hringja í fólk og þykjast vera að selja öryggisgæslu. Það er mjög einföld aðferð til að komast að því hvernig slíkum málum er háttað á heimilum,“ segir Brynhildur.

Trausti Harðarson, forstjóri Securitas, segir að fyrirtækinu hafi ekki borist formlegt erindi frá Neytendasamtökunum vegna málsins. „Ég tel ekki óeðlilegt að við kynnum okkar vöru á sambærilegan hátt og aðrir. Svona hefur þetta verið gert í mörg ár og afar sjaldan komið upp óánægja. Það er ekki hringt úr leyninúmerum, þannig að lítið mál er að staðfesta hvaðan símtalið kemur,“ segir Trausti Harðarson. - kg



**INNBROT** Starfsmaður Neytendasamtakanna segir að mikið hafi heyrst um óprúttna aðila sem hringi í fólk og þykist vera að selja öryggisgæslu.

Sveitarfélög á Suðurnesjum:

## Leita samstarfs í skipulagsmálum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarráð Sandgerðis hefur lagt til við sveitarfélögin í Garði og Vogum að tekið verði upp samstarf í skipulags- og byggingarmálum til hagræðis fyrir sveitarfélögin, að því er fram kemur á vef Víkurfrétta.**

**Í tillögunni er lagt til að sveitarfélögin taki aftur upp viðræður um byggingar- og skipulagsmál með það að markmiði að auka þjónustu á svæðinu en um leið verði leitað leiða til að minnka kostnað sveitarfélaganna í þeim málaflokkum. Þá er einnig lagt til að sveitarfélögin komi sér saman um starf byggingarfulltrúa. Sveitarfélögin eiga nú þegar í samstarfi á sviði félagsmála.** - kh

Glæpum hefur fækkað:

## Fangar hjálpa ferðamönnum

**ÍTALÍA, AP** Yfirvöld í Napolí á Ítalíu hafa ráðið sjötíu fyrrverandi fanga sem leiðsögumenn fyrir ferðamenn. Verkefnið hefur verið gagnrýnt en hefur gefið góða raun.

Nýju leiðsögumennirnir eru meðal annars fyrrverandi þjófar og eiturlyfjasalar. Þeir ganga nú um borgina í gulum vestum og leiðbeina ferðamönnum, meðal annars um það hvernig hægt sé að forðast að vera rændir.

Leiðsögumennirnir voru ráðnir til sex mánaða í tilraunaskyni. Frá því að verkefnið hófst í maí hefur smáglæpum fækkað á götum borgarinnar, þar sem glæpatíðni er mjög há. - þeb

**GARÐUR**

**Skólamáltíð í Garði hækkar**

Skólamáltíðir hjá börnum í Gerðaskóla í Garði hafa verið hækkaðar um sextán prósent, úr 205 krónum í 238, að því er fram kemur á vef Víkurfrétta.


skattur.is

**Til forráðamanna hlutafélaga, einkahlutafélaga og annarra skattskyldra lögaðila um skil á skattframtali 2009**

# Framtalsfrestur félaga er liðinn



**Minnt er á að í fyrri hluta október fer fram álagning opinberra gjalda lögaðila 2009 vegna rekstrarársins 2008.**

Þrátt fyrir að framtalsfrestur sé runninn út eru þau félög sem enn eiga eftir að skila skattframtali 2009 ásamt ársreikningi hvött til að gera það hið allra fyrsta.

**Bent skal á að skattframtali skal alltaf skila, jafnvel þó að engin eiginleg atvinnustarfsemi eða rekstur hafi verið til staðar hjá félaginu á árinu 2008.**

**Minnt er á að félög skulu jafnframt skila ársreikningi til Ársreikningaskrár.**

Hægt er að skila skattframtali og ársreikningi rafrænt á **www.skattur.is.**

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI





Vísinda Vaka
Opið hús!
Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu
Föstudaginn 25. september
kl. 17:00 til 22:00
Allir velkomnir.
Láttu sjá þig!
rannís
www.rannis.is



**Auglýsingasími**
512 50 50


– Mest lesið

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tilraun Borgarahreyfingarinnar mistókst.

## Þetta lagast kannski seinna

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR

Stutt saga Borgarahreyfingarinnar er sorgarsaga. Tilraun hennar til að bæta stjórnmálin mistókst gjörsamlega. Í framhaldi af landsfundi á laugardag íhuga þingmenn hreyfingarinnar að segja skilið við hana. Þeir segjast ætla að taka sér þann tíma sem þeir þurfa til að ákveða sig í þeim efnum. Þeir hljóta samt að vita að þeir geta ekki tekið sér langan tíma til þess verks. Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Þór Saari verða að ákveða sem fyrst hvort þau ætli að vera þingmenn Borgarahreyfingarinnar eða ekki.

Innan við fimm mánuðir eru síðan kosið var til Alþingis og eitthvað aðeins lengra síðan Borgarahreyfingin varð til. Hún spratt upp úr ástandinu sem hér ríkti í kjölfar hrunsins og gaf sig út fyrir að vera andstæða gömlu flokkanna og hugmyndafræði þeirra. Boðið var fram undir vígorðinu Þjóðin á þing. Árangurinn í kosningum var góður; meira en þrettán þúsund atkvæði og fjórir menn á þing.

Ólíklegt er að stjórnmálaflokki hafi áður tekist að eyða sjálfum sér á jafn skömmum tíma og Borgarahreyfingunni nú. Þetta er nefnilega búið spil. Engu breytir þó að þingmennirnir þrír kjósi að vera áfram í flokknum. Það eitt að þeir íhugi að yfirgefa hann gerir það að verkum að sem pólitískt afl hefur Borgarahreyfingin ekkert vægi umfram aðgang að ræðustól Alþingis og atkvæðin sín þrjú.

Og hvers vegna er þetta sorgarsaga?

Jú, vegna þess að stjórnmálunum veitti ekki af því endurnýjaða hugarfari sem Borgarahreyfingin boðaði.

Það er ekki lögmál að pólitíkin eigi að vera stöðnuð og á köflum óskaplega vitlaus. Það er engin sérstök ástæða fyrir því að í pólitík tíðkist vinnubrögð sem ekki eru talin boðleg annars staðar.

Atvinnustjórnmálaflokkarnir breyta þessu ekki. Það sýnir sagan. Hástemmdar yfirlýsingar í stjórnarandstöðu reynast jafnan innistæðulausar þegar menn eru komnir í stjórn. Man fólk ekki eftir öllum ræðunum sem þingmenn Samfylkingarinnar og VG fluttu í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um samráðsleysið, mannaráðningarnar, hrokann og ólýðræðislegu vinnubrögðin? Nú er þessu öfugt farið. Þingmenn síðarnefndu flokkanna syngja sama sönginn en Samfylkingin og VG yppta bara öxlum.

Álit landsmanna á Alþingi er almennt lítið og traust þeirra á stofnuninni í lágmarki. Aðeins Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið og bankakerfið mældust með minna traust en Alþingi síðast þegar Capacent spurði. Þó að þingmenn segist hafa af þessu áhyggjur aðhafast þeir fátt til að bæta úr. Það virðist heldur á hinn veginn. Þeir hljóta þó að skilja að traustið ræðst aðeins af framkomu og framgöngu þeirra sjálfra.

Þó að tilraun fólksins sem stóð að Borgarahreyfingunni til að innleiða ný vinnubrögð og nýja siði í stjórnmálum hafi mistekist er óþarfi að slá af allar væntingar um að slíkt kunni að gerast í framtíðinni. Vonir um að það verði á þessu kjörtímabili eru hins vegar óþarfar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vel heppnuð smölun?

Rúmlega hundrað manns sóttu umtalaðan landsfund Borgarahreyfingarinnar sem haldinn var á laugardaginn. Erfitt er að ímynda sér annað en að framámenn flestra annarra stjórnmálasamtaka landsins hefðu litið á slíka mætingu sem stórslys, sér í lagi þegar tekið er tillit til þess að ríflega 13.000 kjósendur greiddu hreyfingunni atkvæði sitt í alþingiskosningunum í vor.



Á fundinum voru samþykkt lög fyrir Borgarahreyfinguna, samkvæmt tillögu frá tólf frambjóðendum til stjórnar, sem eru þremenningunum í þinghópnum lítt að skapi. Í kvöldfréttum RÚV kvartaði Margrét Tryggvadóttir, þingmaður hreyfingarinnar, sáran yfir því að stuðningsmenn tillögunnar hefðu smalað fólki á fundinn til að tryggja hinum nýju lögum brautargengi í kosningunni. Vert er að velta fyrir sér hve fáir fundargestir hefðu verið við „eðlilegar“ aðstæður, hefði meint smölun ekki komið til.



### Reply to all

Við sama tilefni minntist Margrét Tryggvadóttir á að hún og félagar hennar í þinghópi Borgarahreyfingar hefðu ekki beitt smölun á landsfundinn. Gárungarnir vilja meina að það hafi verið skynsamleg ákvörðun hjá Margréti, því slíkt hefði kallað á að hún sendi út fjölpóst. Kunnáttuleysi á tölvupóstforrit hafi nú þegar orðið tilefni til nægra deilna innan hreyfingarinnar, eins og Margrét og Þráinn Bertelsson kannist manna best við.

kjartan@frettabladid.is

## Stærstu málin



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

**Í DAG** | Alþjóðastjórnmál

Ég vorkenni fréttamönnum erlendra frétta þessa mánuðina. Þetta er svo sem ekki mikilsvirt stétt, einhvers staðar á milli lögmanna og fjármálaráðgjafa. Ekki svo að skilja að viðfangsefnin séu ekki til fyrir þessa stétt manna sem ásamt álitsgjöfum og fræðimönnum hafa tekjur sínar af hörmungum heimsins. Góðar erlendar fréttir eru fágætar þótt þeim sé fagnað jafn mikið af þeim sem skrifa þær og okkur hinum sem lesa þær. Það er hins vegar ekki æsandi að bíða eftir stefnu Obama í bankamálum, né húsnæðisstefnu Suður-Afríku. Stóru málin eru stóru málin og þola illa smæð. Það er eins og þau verði kúnstugri um leið og þau eru minnkuð. Svona einhvers konar Heljarslóðarorrusta.

### Stærri og minni vandamál

Það er líklega stærsti árangur Baracks Obama í embætti að sópa stórmálunum undir teppið og beina sjónum manna að þeim minni. Það merkilegasta við þetta er að ekkert stóru málanna er leyst eða jafnvel nálægt því að vera leyst. Sambandið við Rússland virðist þægilegra, en um leið dragast Bandaríkin sífellt meira inn í innanlandspólitík í Rússlandi og enn frekar gegn vilja sínum inn í stjórnmál landanna í kring. Risaveldi á sér ekki landamæri og fyrir því finna Bandaríkin nú. Sambandið við Kínverja virðist traustara en áður, en um leið er Bandaríkjaforseti með óleysanleg viðfangsefni sem snúa að Kína. Sambandið við Suður-Ameríku virðist betra en áður, en samt er það fjarlægara en nokkru sinni fyrr, og þörf er á algjöru endurmati af hálfu Bandríkjanna. Bandaríkin hafa eignast harðan keppinaut í Afríku þar sem kínversk fyrirtæki fjárfesta óðum. Sambandið við Íran virðist vera að gróa en kosningasvindl og ný kynslóð ungs fólks er með kröfur á

*Bandaríkin hafa með svo flóknum hætti blandast í deilur íslamskra ríkja  að þau koma sér ekki út úr þeim hvort sem þau vilja eða ekki.*

hendur stjórnvöldum sem Bandaríkin geta hvorki staðið með eða á móti, það fylkir sér um andstöðuna sem Bandaríkin eru tengd sögulegum sem nýlegum böndum.

### Flóknari valdabarátta

Kína er nú þegar stærsti viðskiptaaðili Bandaríkjanna og stærsti lánveitandi þeirra. Ef Bandaríkjamenn geta litið framhjá einhverju ríki þá er það ekki Kína. Um leið dregst Kína inn í æ flóknari valdabaráttu og vígbúnaðarkapphlaup sem nær allt frá Ísrael til Kína. Bandaríkin eru að sogast inn í síflóknari valdabaráttu innan Rússlands og milli Rússlands og nágranna þess. Það sama á við um valdabaráttuna milli Pakistan og Indlands, bæði Kínverjar og Bandaríkjamenn hafa dregist inn í hana. Engu að síður lifum við í heimi sem sýnist friðsælli en nokkru sinni á síðari árum. Breytingar virðast til batnaðar. Annað mesta efnahagsveldi heimsins hefur kosið sér nýja stefnu sem mun færa það nær vestrænum viðskiptaháttum. Hagvöxtur er meiri í Afríku en í áratugi. Efnahagslíf í Suður-Ameríku er um margt blómlegra. Heimskreppan virðist ætla að fara mildum höndum um flesta. En lítum bakvið tjöldin. Í uppsiglingu er vígbúnaðarkapphlaup í stórum hluta Asíu.

Bandaríkin hafa með svo flóknum hætti blandast í deilur íslamskra ríkja að þau koma sér ekki út úr þeim hvort sem þau vilja eða ekki. Og Rússland er herveldi á brauðfótum. Þrjú ríki vilja aðskilnað frá Kína. Stór hluti íbúa Afríku má búa við að nauðganir og morð séu daglegt brauð.

Þrátt fyrir Obama heldur bilið milli heimsálfa áfram að breikka. Hver sá sem heimsækir Suður-Ameríku finnur sig á annarri plánetu en Norður-Ameríku. Erfitt er að sjá fyrir sér mikilvæg milliríkjamál í framtíðinni án þess að eyðilegging umhverfisins komi þar við sögu. Sífellt aukin samskipti þjóða á milli eiga ekki stofnanakerfi til þess að rísa undir hlutverki sínu. Afrek Obama til þessa hefur verið að koma stórum málum undir mottuna. Þar verða þau ekki lengi.

## Opinber neyslustýring til góðs eða ills?

**UMRÆÐAN**

Hjalti Nielsen skrifar um sykurskatt og opinbera neyslustýringu



HJALTI NIELSEN

Sykurskatturinn svonefndi hefur vakið upp ýmsar spurningar um eðli og tilgang opinberrar neyslustýringar. Í vor sem leið gáfu stjórnvöld fyrirheit um að þessum nýja skatti væri ekki einungis ætlað að mæta þeim gríðarlega fjárhagsvanda sem ríkissjóður stæði frammi fyrir, heldur yrði honum einnig beint gegn þeim lýðheilsuvanda sem rekja mætti til ofneyslu sykurs. Skilaboðin um réttlætanlega neyslustýringu fyrir bættri lýðheilsu voru skýr.

Neyslustýringu fylgir óhjákvæmilega mismunun í einhverri mynd. Taumur tiltekinna fyrirtækja, framleiðslugreina eða neytendahópa er dreginn á kostnað annarra. Með afnámi gamla vörugjaldakerfisins fyrir hálfu öðru ári náðist breið samstaða um að ekki væri verjandi að tekjuöflun ríkissjóðs ýtti beinlínis undir slíka mismunun, nema skýrir almannahagsmunir væru í húfi.

Það kom því verulega á óvart að stjórnvöld tækju óbreytt upp löngu úrelt vörugjaldakerfi við framkvæmd sykurskattsins. Vörugjöld eru innheimt eftir tollskrárnúmerum og falla illa að þeim almenna grunni sem sykurskatturinn styðst við. Gjaldið tekur því ekki mið af sykurinnihaldi heldur tollflokki og leggst til dæmis jafnt á sykrað gos sem kolsýrt vatn. Þá eru sykraðar mjólkurvörur undanskildar, sem hlýtur að teljast nýtt met með hliðsjón af lýðheilsulegum markmiðum skattsins.

Ljóst er að ekki verður undan auknum opinberum álögum vikist nú í kjölfar hrunsins. Að sama skapi má vera jafn ljóst að sjaldan eða aldrei hefur verið brýnna að stjórnvöld vandi afar vel til slíkra verka. Sykurskatturinn umræddi setur fjölda starfa í innlendri framleiðslu í uppnám og vegur enn frekar en orðið er að kaupmætti almennings. Þessi nýi matarskattur getur því hæglega snúist upp í andhverfu sína með auknu atvinnuleysi, neyslusamdrætti og enn verri afkomu ríkissjóðs, án þess að yfirlýstum lýðheilsumarkmiðum sé þjónað að neinu sýnilegu marki. Opinber neyslustýring getur átt fullan rétt á sér, en því aðeins að þeim árangri sé náð sem að er stefnt með gagnsæjum og þjóðhagslega hagkvæmum hætti.

*Höfundur er framkvæmdastjóri kexverksmiðjunnar Fróns.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**SJÓVÁ FORVARNAHÚS** hefur í samstarfi við IKEA innréttað tvö örugg heimili í Forvarnahúsinu að Kringlunni 3. Annars vegar heimili fyrir eldra fólk og hins vegar fyrir barnafólk. Almenningi gefst kostur á að koma og skoða heimilin undir leiðsögn sérfræðings Forvarnahússins en nauðsynlegt er að skrá sig í slíka heimsókn með því að senda póst á sjova@sjova.is.





Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473




Vandaðar regnkápur m/hettu

kr. 29,900,-

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422





fyrir heimilið og bústaðinn

Opið: má-fö. 12-18,
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Nóra



Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.




Hlíf Sævarsdóttir við hliðina á Westinghouse-ísskápnum, sem hún notar sem búr heimilisins og kertageymslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gersemar í ísskápnum

**Þegar Hlíf Sævarsdóttir var lítil stelpa fannst henni það hin mesta upplifun að fara til ömmu sinnar og fá malt eða appelsín í flösku úr Westinghouse-ísskápnum. Seinna á ævinni eignaðist hún einnig ísskápinn.**

„Ég eignaðist ísskápinn þegar amma fór á elliheimili árið 2001. Ég var afskaplega ánægð með það, bæði var ekkert að skápnum og svo átti ég sterka minningu tengda honum. Amma átti nefnilega í Westinghouse-ísskápnum alltaf malt í gleri og appelsín í gleri og þegar ég kom í heimsókn fékk ég alltaf annað hvort. Fyrir mér voru þetta alveg eins og gersemar í ísskápnum. Þegar ég fékk ísskápinn var hann hvítur og ég notaði hann óbreyttan í fjögur ár og flutti hann á milli þriggja heimila.“

Hlíf segir straumlínulag ísskápsins sem vísi til sjötta áratugarins höfða til sín. „Frá því tímabili er líka ímynd þessara amerísku fyrirmyndarheimila sem þessir ísskápar eru svo sterkt tengdir. Við eldamennskuna þar ræður ríkjum staðalímyndin um húsmóðurina sem er með svuntuna yfir mjótt mittið og stór brjóstin,“ segir hún hlæjandi og þverneitar að falla að þeirri ímynd þótt hún hafi gaman af matseld.

Svo gerðirðu ískápinn upp? „Já,“ segir Hlíf og brosir. „Þá var ég í 2007-dæminu en ég var samt ekki tilbúin til þess að láta skápinn fara. Fjölskyldan var þá flutt í glænýja íbúð með nýrri eldhúsinnréttingu sem var kremlituð og með höldum úr burstuðu stáli. Ég sá mér hins vegar leik á borði og lét sprauta ísskápinn í sama lit. Hvíti liturinn á honum var skrapaður af og síðan var skápurinn sprautaður rétt eins og um bíl væri að ræða,“ segir Hlíf. „Árangurinn var framar mínum vonum. Ég held að þetta sé mjög hamingjusamur ísskápur en í dag nota ég hann sem búr fyrir dósamat og í frystihólfinu geymi ég kerti,“ segir húsmóðirin ánægð.


Nýr Wallhugger á tilboði





IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið samanburð

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 • Opið virka daga kl. 12:00-18:00 – laugardaga kl. 12:00-16:00

**FJÓLUBLÁI LITURINN** er allsráðandi í tískuvöruverslunum þessa dagana en þykir ekki síður töff á heimili. Hann fer vel við hvítt og færir haustið heim í stofu.




**ÁLBRAUTIR**



Álbrautir í úrvali fyrir stór sem smá tæki.

BRIMCO

Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ
Sími 894 5111 - www.brimco.is



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Fagurt handbragð. Þetta uppgerða hús við Klapparstíg fékk viðurkenningu fegrunarnefndar Reykjavíkur fyrir þremur árum.

## Vilja bjarga störfum, handverki og húsum

VÖLUNDARVERK LEITAR NÚ AÐ HÚSASMIÐUM OG ARKITEKTUM TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í ENDURGERÐ ELDRI HÚSA Í REYKJAVÍK.

Boðið verður upp á mánaðarlangt námskeið og í framhaldi af því verða skipulögð tímabundin störf á byggingarstað eða teiknistofu í tvo til fimm mánuði. Gert er ráð fyrir að þátttakendur séu skráðir atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun og þeir munu fá greidd taxtalaun vegna tímabundinnar ráðningar að loknu undirbúningsnámskeiðinu. Áhugasömum er boðið til kynningarfundar þriðjudaginn 15. september klukkan 13.30 á þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunnar að Engjateigi 11, á 2. hæð.

Völundarverk er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnunar (VMST), Minjasafns Reykjavíkur og Iðunnar – fræðsluseturs.

Betri þekking á viðhaldi og endurgerð sögufrægra gamalla húsa og mannvirkja í Reykjavík er megintilgangur þess. Með verkefninu geta skapast störf, samhliða því að auka á menntun og reynslu fagstétta á borð við arkitekta, verk-/tæknifræðinga og iðnaðarmenn.

*- gun*



Þetta er líkast til hin fullkomna hauststofa – samsett af ótal hlutum úr þykkum efnum, viðarhúsgögnum, kertaljósum og haustlitum. NORDICPHOTO/GETTY

# Heimilið dúðað

**Um leið og við förum í gegnum forstofuskápinn og tökum til vettlingana er líka nauðsynlegt að taka á móti haustinu í stofunni með værðarvoðum, kertum í haustlitunum, púðum og gólfmottum.**

Púðar og pullur eru atriði númer eitt, tvö og þrjú á haustheimilinu. Efnismiklir púðar eru þar betri, jafnvel úr einhvers konar loðnu efni, og þeir sem hafa haft glaðlegri litasamsetningu á púðum yfir sumartímann ættu að skipta um púðaver yfir vetrartímann (hægt að fá ódýr til að mynda í Ikea). Jarðlitir og hvítir tónar (ekki skjannahvítir) koma sterkir inn.

Skinn og ábreiður hvers konar geta ekki aðeins komið heimilisfólki vel á köldum kvöldum heldur er líka hægt að lífga upp á sófann og láta skinn hylja stóran hluta sófasettsins. Hvítlist selur til að mynda falleg skinn og þar má finna alls kyns stærðir og gerðir. Dyggðateppið fallega, sem meðal annars er selt í minjabúð Þjóðminjasafnsins, er líka freisting sem er vel til þess gerð að falla fyrir áður en vetur gengur í garð og setur fallegan svip á stofuna.

Gólfmottur, rýjateppi og þykk teppi undir sófaborðið er afspyrnu gott ráð á haustin. Ikea hefur um langt skeið selt rýjamottur sem kosta ekki of mikið.

Kerti, í haustlitunum, sinnepsgul, fjólublá, dumbrauð og brúnleit, í mismunandi stærðum og gerðum eru upplögð á sófaborð haustsins. Tiger er oft með kerti í fallegum litum sem kosta ekki mikið og svo má finna þykk kubbslaga kerti víða í blómabúðum.

Viðarhúsgögn, hvort sem er í formi lítils hliðarborðs eða kolls, geta gert stórkostlega hluti fyrir stofuna. Ekki þarf að kosta miklu til – tekkhúsgögn má oft finna á ágætis verði í Góða hirðinum og nytjasölum eða hreinlega úti í bílskúrum skyldfólks. Í leiðinni má athuga hvort ekki finnist gamall plötuspilari þar líka eða annað góss sem gefur. *juliam@frettabladid.is*



Tekk fer vel við púða og kerti í stofunni og ef ekki er pláss fyrir fleiri húsgögn er um að gera að næla sér í bolla eða annað smálegt úr þeim viði eða öðrum. Þorsteinn Bergmann og Fríða frænka eiga til að mynda alltaf eitthvað úr tekki.



Erika er blóm haustsins og dásamlega fagurt á stofuborðinu.


Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

# Ókeypis námskeið og ráðgjöf

**Mánudagurinn 14. september**

Facebook fyrir byrjendur - Langar þig að skilja hvað allir eru að tala um? Tími: 12.15-14.00.

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks. Tími: 13.00-14.30.

Prjónahópur - Lærðu og kenndu öðrum! Tími: 13.00-15.00.

Minnistækni - Kolbeinn frá Betra námi kennir einfaldar en gagnlegar aðferðir til að muna ótrúlegustu hluti. Tími:15.00 -16.00.

**Þriðjudagurinn 15. september**

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson leiðir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Við klæðum okkur eftir veðri og göngum rösklega út frá Rauðakrosshúsinu. Tími: 13.00 -14.00.

Afneitun og réttlætingar – Ráðgjafar Lausnarinnar fjalla um áhrifin á fjölskyldulífið. Boðið er upp á einstaklingsráðgjöf að fyrirlestri loknum. Tími: 13.30-14.30.

Kvikmyndirnar og lífið – Kvikmyndir geta nýst okkur sem efniviður og uppspretta umræðna um stóru spurningarnar, s.s. Hver erum við? Fyrir hvað stöndum við? Tími: 15.00-16.30.

**Miðvikudagurinn 16. september**

Náðu fram því besta- Dale Carnegie - Skoðum áskoranir framundan, ræðum innblástur og hvatningu og hvernig samskiptareglur hjálpa okkur að ná fram því besta. Tími: 12.30 -14.00.

Tölvuaðstoð - Fáðu persónulega aðstoð! Tími: 13.30-15.30.

Við deyjum öll úr stressi - Eyþór frá Þekkingamiðlun skoðar á léttan máta hvernig stressuð þjóð getur brugðist við og slakað á. Tími:14.30-15.30.

Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina Nafnlausa vegi eftir Einar Má Guðmundsson. Tími: 14.00-15.00.

Baujan sjálfstyrking- Þóra félagsliði kennir slökunaröndun og tilfinningavinnu til sjálfshjálpar. Tími: 15.30-16.30.

**Fimmtudagurinn 17. september**

Grunnatriði í tölvunotkun - Myndir - Þriðji hluti af fjórum fyrir algera byrjendur. Tími: 12.30-14.30.

Kreppan: Er eitthvað jákvætt við hana?- Opnar umræður. Tími: 12.30-13.30.

Föndur, skrapp myndaalbúm - Lærðu að búa til skrautleg albúm fyrir uppáhalds myndirnar þínar. Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

**Föstudagurinn 18. september**

Einkatímar í söng – fullt. Umsjón: Hulda Björg Víðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00 – 14.00.

Ayurveda heilsufræði – Lifir þú í takt við þína náttúrulegu líkamsgerð? Tími: 12.30-13.30.

Ísgerð – Bragðgott og hressandi námskeið. Tími: 13.45-15.15.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17



Allt á einum stað

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR



SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

# híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 14. SEPTEMBER 2009




NORDICPHOTOS/GETTY

LÚR
BETRI HVÍLD

## Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla

Margir litir í boði – Frábær verð í gangi







**LÚR - BETRI HVÍLD**
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is



Veggfóðrun er eitt skemmtilegasta viðhald heimilisins enda ekki tímafrekt eða of flókið í framkvæmd. NORDICPHOTOS/GETTY

# Veggfóðrað með stafrænu veggfóðri

Veggfóður er einn mest spennandi kosturinn í heimilisviðhaldi enda bæði auðvelt að taka veggfóður af (eða veggfóðra hreinlega yfir gamalt veggfóður) sem og að finna frumleg myndefni.

Á eBay-uppboðsvefnum má til að mynda finna úrval stafræns veggfóðurs sem boðið er upp þar sem hægt er að veggfóðra með myndum af eftirlætisborginni eða draumaströndinni sem þig hefði langað að vera á akkúrat þessa stundina. Munið bara að á barnaheimilum er vissara að velja veggfóður sem auðveldlega má þurrka af fitu og óhreinindi en ekki viðkvæmari tegundir.

Af öðru veggfóðursgóssi á netinu má nefna heimasíðuna www.wallpaperdirect.co.uk sem er hrein gullnáma veggfóðurs. Þar er til að mynda hægt að finna ýmis munstur sem birst hafa í tímaritum, svo sem Elle Decoration.

Hér á landi er fallegt veggfóður að finna á ýmsum stöðum svo sem hjá uma.is en þar er til dæmis selt veggfóður eftir sænska hönnuðinn Lisu Bengtsson. *- jma*

# Bjóða heildarlausn í rekstri fjöleignahúsa

**Eignaumsjón hf. tekur að sér rekstrarumsjón húsfélaga og hafa mörg þeirra lagt sín mál í hendur fyrirtækinu að undanförnu.**



Daníel segir stjórn húsfélaga oft hvíla þungt á einstökum aðilum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Starfsemin hófst árið 2001 en síðastliðin tvö ár hefur hún verið að taka á sig æ styrkari mynd. Við störfum í raun sem sérhæfð stjórnunarmiðstöð fyrir húsfélög og tökum að okkur stjórnun, utanumhald og umsýslu,“ segir framkvæmdastjórinn Daníel Árnason. „Við komum meðal annars að undirbúningi og uppgjöri framkvæmda en miklu máli skiptir að rétt sé að þeim staðið bæði fyrir eigendur húseignanna og lánveitendur.“

Daníel segir stjórn húsfélaga oft hvíla mjög þungt á einstökum aðilum sem oft ekki sleppa úr verkefninu. „Oft eru sams konar erfið mál að endurtaka sig um allan bæ og alls staðar er verið að finna upp hjólið. Við komum upp hlið húsfélaganna og reynum að koma þeim í góðan, stöðugan og upplýstan rekstur þar sem íbúar geta gengið út frá því að verið settum reglum sé fylgt.“

Að sögn Daníels eru störf þeirra sem sitja í stjórnun húsfélaga krefjandi en engu að síður oft vanmetin hvað varðar vinnuframlag, umfang og ábyrgð. „Rekstur húsfélaga krefst vandvirkni og er viðkvæmur fyrir gagnrýni félagsmanna en við búum yfir sérþekkingu á þessu sviði.“

Eignaumsjón þjónustar allt frá eigendum lítilla fjöleignarhúsa upp í eigendur atvinnuhúsa en auk þess eigendur blandaðra húseigna þar sem bæði er íbúðar- og atvinnuhúsnæði. „Það er ekki síst þar sem við höfum komið að málum,“ segir Daníel. „Hagsmunir íbúa og atvinnurekenda eru oft harla ólíkir og því þarf oftar en ekki að stilla strengi.“ Daníel segir þjónustuna vissulega ekki ókeypis en að allt kapp sé lagt á skilvirkni til að gera hana að hagkvæmum kosti.

Meðal verkefna Eignaumsjónar eru gerð rekstraráætlana, innheimta húsgjalda og gjaldkera- og bókhaldsstörf en auk þess hafa notendur þjónustunnar aðgang að þjónustuborði sem hefur meðal annars milligöngu um þrif, viðhald og tryggingar og veitir aðstoð við boðun húsfunda og stjórn þeirra sé þess óskað. Fyrirtækið tekur að sér alls kyns önnur viðvik en nánari upplýsingar er að finna á www.eignaumsjon.is. *- ve*












# Eiga að hæfa aldri húsa

Þórður Magnússon tónlistarmaður var fljótur að átta sig á mistökum sem urðu í myndavali Fréttablaðsins fyrir viku þegar gluggar Hljómskálans voru sýndir. Það voru ekki þeir sem Örn Jónsson, viðmælandi okkar, hafði smíðað heldur aðrir sem þyrfti að skipta út því þeir eru ekki upprunalegir.



Hér stendur Þórður við ekta glugga sem Örn Jónsson smíðaði í Hljómskálann fyrir nokkrum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þórður tengir áhuga sinn á gluggum til eigin viðskipta. „Ég slysaðist til að kaupa gamalt hús og fór að kynna mér hvernig ég gæti gert við það þannig að sómi væri að. Þá fékk ég brennandi áhuga á þessu málefni,“ segir hann.

Þórður hefur stúderað gluggasögu Hljómskálans, sem byggður var 1922. „Upphaflega var skálinn með krosspóstsgluggum. Það er einn þykkur, lóðréttur póstur og annar láréttur. Það sem gaf honum sérstöðu var að gluggunum var síðan skipt í ótal smárúður með sprossum á milli en það eru mjóir listar. Það er einmitt það sem er svo flott við gamla glugga, þetta fína handverk sem nostrað er við.“

Á tímabili telur Þórður gömul hús hafa verið lítils metin. „Á þannig tímabili var litlu fögnum kippt úr gluggum Hljómskálans og settar stórar rúður í staðinn. Útlit hússins gerbreyttist en karmurinn og póstarnir voru þó þar ennþá. Síðar þegar menn fóru aftur að meta gömul hús að einhverjum verðleikum var ákveðið að koma gluggunum í upphaflegt horf. Þá vildi ekki betur til en svo að smiðirnir kunnu ekki til verka. Þeir hentu því sem eftir var af upprunalegu gluggunum og smíðuðu nýja sem helst mætti kenna við funkisstíl. Þar hefur góður viður farið í súginn því furan sem var notuð í glugga á fyrstu áratugum aldarinnar var eins og harðviður. Einnig var rangt verklag viðhaft og enginn munur gerður á póstum og sprossum. Enn síðar kom að því að eigendurnir áttuðu sig á mistökunum og vildu gera gluggana upprunalega en þá þurfti að smíða þá frá grunni í stað þess að smella bara inn fögum. Það er kostnaðarsamt og því er það gert í áföngum.“

Þórði rennur til rifja það kæruleysi sem hann segir viðgangast í endurbótum á gömlum gluggum þessa lands. „Þegar gengið er um Stokkhólm, Ósló, Kaupmannahöfn eða hvaða evrópska borg sem er sér maður að gluggar hæfa aldri húsanna. En 75-80 prósent gamalla húsa í miðborg Reykjavíkur eru með skítamixaða glugga,“ segir hann. „Það er algerlega séríslenskt fyrirbæri.“ *- gun*

FASTEIGNASALA ÍSLANDS

VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066
Haukur Geir Garðarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

HOLTSBÚÐ - GARÐABÆR Einb.


Vorum að fá í einkasölu einbýlishús á einni hæð ásamt góðum bílskúr, samtals 160 fm. Frábær staðsetning. Stofa, borðstofa, 3 góð herbergi, baðherbergi, sauna. Góð suður verönd og garður. Stutt í skóla og þjónustu. Miklir stækkunarmöguleikar. Ásett verð 42,8 millj.

ESJUGRUND KJALARN. - SKIPTI 4


Vorum að fá í einkasölu vel skipulagt 4ra herbergja 126,5 ferm. raðhús á einni hæð á góðum stað. Eignin er björt og opin þar sem lofthæðin fær að njóta sín. Rúmgott eldhús, björt stofa, 3 svefnherb., þvottahús og nýl. endurn. baðherb. Timburverönd.LÆKKAÐ VERÐ: 26,9 millj. SKIPTI ATH. Á 2-3 HERB. ÍB.

VÍFILSGATA – ENDURN 3


Vorum að fá í einkasölu fallega og mikið endurn. 3ja herb. efri hæð í þríbýli ásamt byggingarrétti. Suðursvalir. Nýlegt parket. Góð staðsetning. Ásett verð 20,8 millj.



BLIKKÁS – FUNI
Smiðjuvegi 74 - 201 Kópavogi
Sími 515 8700 – www.blikkas.is
Frum


Um hundrað fermetra íbúð með sérinngangi er á neðri hæð hússins.

# Heitur pottur í sólstofu

**Fasteignasalan Heimili hefur í einkasölu einbýlishús með aukaíbúð í Rauðagerði.**

Einbýlishúsið í Rauðagerði er mikið endurnýjað með hundrað fermetra aukaíbúð á neðri hæð. Húsið er skráð 296 fm með innbyggðum 34 fm bílskúr. Húsið stendur á 865 fm lóð í botnlanga á skjólgóðum rólegum stað.

Þegar gengið er inn um aðalinngang er komið inn í flísalagða forstofu með fatahengi. Úr forstofu er einnig inngangur í íbúðina á neðri hæðinni. Inni af forstofu er þvottahús. Teppalagður stigi liggur upp á efri hæðina. Á efri hæðinni eru öll loft tekin upp og því mikil lofthæð. Stórt hálfopið eldhús er með flísalögðu gólfi og fallegri innréttingu. Eldhús er skilið frá stofu að hluta með arni. Stofa er parkettlögð með útgangi út í sólstofuna. Vinnuhol með parketti á gólfi. Svefnherbergisgangur er parkettlagður.

Hjónaherbergi er með fataskápum og parketti á gólfi. Baðherbergi er nýlega endurbætt og flísalagt í hólf og gólf með innréttingu, baðkari og sturtuklefa. Tvö barnaherbergi eru með parketti á gólfi og eru fataskápar í öðru. Sólstofan er flísalögð og með heitum potti. Frá sólstofunni er gengið út á afgirtan sólpall og þaðan í afgirtan fallegan garðinn.

Íbúðin á neðri hæðinni er þriggja herbergja með sérinngangi. Svefnherbergin eru tvö og fataskápur í öðru þeirra. Baðherbergi er flísalagt með sturtuklefa, vaskinnréttingu og tengi fyrir þvottavél. Eldhús er með flísalögðu gólfi og nýlegri innréttingu. Stór stofa er með nýlegu parketti á gólfi.

Í boði eru makaskipti á minni eign en óskað er eftir kauptilboðum.

heimili
FASTEIGNASALA


Bogi
Pétursson
lögg. fasteignasali


Finnbogi
Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Sími
530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og
Bogi Pétursson
löggiltir fasteignasalar

Allir vilja gott heimili



**Hlíðarvegur Kóp - skipti á einbýli.**
Glæsileg um 190 fm eign á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Hér er allt fyrsta flokks, vandaðar innréttingar, tæki og gólfefni. Fjögur góð svefnherbergi, tvennar svalir, 60 fm sólpallur og einstakt útsýni. **Óskað er eftir skiptum á einbýli í nágrenninu.**



**Rauðagerði - Einbýli með 110 fm aukaíbúð.**
Fallegt mikið endurbætt 300 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 35 fm bílskúr. Fallegur garður, sólstofa, heitur pottur o.fl.



**Hörpugata - Þrjár íbúðir**
Mikið endurnýjað 330 fm einbýli á eignarlóð í Litla Skerjafirðinum. í húsinu eru tvær aukaíbúðir og góðir tekjumöguleikar. Gott hús á góðum stað



**Miðtún - Sérhæð.**
Vönduð mikið endurnýjuð 133 fm íbúðarhæð . Eignin er hæð og ris í bakhúsi. Skjólgóðu r bakgarður í suður, 3-4 svefnherbergi, og tvær bjartar stofur. Skipti á minni eign. Áhv 22 m af góðum lánum.



**Álfkonuhvarf - 3ja - skipti.**
Vönduð 3ja herbergja íbúð. Rúmgóð herb. og björt stofa. Fallegt útsýni. Vilja skipti á 4ra herb. í Kórum/Hvörfum, eða bein sala.


**Berjarimi - 2ja herb.**
Rúmgóð 80 fm íbúð á 1. hæð með sérgarð/sólpallii. Stór og góð stofa opin við eldhús og mjög rúmgott svefnherbergi. Þvottahús í íbúðinni.


**Naustabryggja - 2ja herb.**
Glæsileg 81 fm íbúð á jarðhæð með 50 fm sólpalli. Vandaðar innréttingar og gólfefni.
V. 19,5 m .Áhv 12,5 m.


**Hólmvað - Sérhæð með bílskúr.**
Ný fullbúin 160 fm sérhæð , þrjú svefnherbergi, sérgarður, verönd og svalir til suðvesturs. eikarinnréttingar, parket og flísar. V. 37 m. Áhv. 24 m íls.


**Svarthamrar - góð 2ja með sérinngangi**
Íbúðin er á 2. hæð og er vel skipulögð og björt. Parket á stofu. Hús í góðu standi. Góð stasetning í grónu hverfi. Verð 16,5 millj.


**Grundarbraut 1 Ólafsvík.**
Jónshús er timburhús, með standandi timburklæðningu á útveggjum, og stendur að hluta til á hlöðnum grunni og að hluta á steyptum kjallara. Á undanförnum árum hefur húsið verið endurbyggt undir eftirliti arkiteks. Óskað er eftir kauptilboðum.


**Berjarimi - 2ja herb m bílsk.**
Rúmgóð 66 fm íbúð á efri hæð. Sérþvottahús innan íbúðar og góð aðstaða í bílskýli. Upptekin loft og mikil lofthæð. Afgirtur garður og góðar svalir. V. 18,7 m. 100% lán.


**Úthlíð - glæsileg 3ja.**
Um 80 fm mikið endurnýjuð íbúð á jarðhæð með útgangi út á lóð. Fallegar innréttingar og gólfefni. Nýtt eldhús og bað. Verð 23,9 millj. Möguleg skipti á stærra.


**Sigluvogur - mjög góð 2ja.**
Rúmgóð og björt um 70 fm íbúð í tvíbýlishúsi. Eigninni fylgir aðgangur að stórum bakgarði. Töluvert endurnýjuð eign og gott ástand. Ath skipti á 4ra í sama hverfi. Verð 16,9 m.


**Viltu hafa makaskipti ?**
Nú er tíminn til makaskipta. Fjöldi aðila vill minnka eða stækka við sig. Óskum þess vegna eftir eignum á skrá, sérstaklega einbýlum, parhúsum og raðhúsum.
**Nánari uppl. á skrifstofu.**

Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**

**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**SÖLUAÐILAR FYRIR 101 SKUGGAHVERFI. FULLBÚNAR GLÆSIÍBÚÐIR Í HJARTA BORGARINNAR.**

**EIGNIR ÓSKAST**

**150-200 FM PENTHOUSEÍBÚÐ ÓSKAST Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**120-160 FM GÓÐ ÍBÚÐ/SÉRBÝLI ÓSKAST MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**



### Klettás – Garðabæ.

Glæsilegt 188,4 fm raðhús á tveimur hæðum að meðt.38,0 fm bílskúr. 4 svefnherbergi, vandað eldhús og rúmgóð og björt stofa. Aukin lofthæð á efri hæð og fallegt útsýni þaðan allt frá Keili og að Snæfellsjökli.m irnhAukin lofhæð á efri hæð. Vel skipulgöð eign. Eignaskipti koma til greina á minni íb. **Í sama hverfi eða Sjálandi. Verð 49,9 millj.**



### Langagerði.

Vel skipulagt 164,1 fm einbýlishús, hæð og ris, auk bílskúrs á þessum eftirsótta stað. Húsið er mikið upprunalegt, en í afar góðu ástandi og skiptist þannig: Á aðalhæð eru forstofa, hol, samliggjandi rúmgóðar stofur, 1 herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi og í risi eru 4 herbergi, eldhús, geymsla og baðherbergi. **Falleg ræktuð lóð. Verð 39,9 millj.**



### Aratún-Garðabæ.

Glæsilegt 179,4 fm einlyft einbýlishús að meðt. 30,1 fm bílskúr á þessum gróna stað í Garðabænum. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, eldhús, baðherbergi og gler að hluta. Björt stofa með útgangi í sólstofu, fallegt eldhús með vönduðum tækjum og 4 herbergi. Stór viðarverönd, yfirbyggð að hluta. **Hús nýlega málað að utan. Verð 59,9 millj.**



### Bjarmaland.

229,7 fm einlyft einbýlishús á þessum eftirsótta stað neðst við opna svæðið í Fossvogsdalnum. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl. árum. Samliggjandi rúmgóðar og bjartar stofur með arni, rúmgott eldhús, sjónvarpsstofa og 3 rúmgóð herbergi. **Stór verönd til suðurs. Frábær staðsetning.**



### Ásakór – Kópavogi. 5 herb.

5 herb. 154 fm íbúð á 3. hæð auk bílskúrs í nýju lyftuhúsi. Stofa og eldhús í opnu rými og 4 rúmgóð herbergi. Tvennar rúmgóðar og flísalagðar svalir. Gott útsýni. <B>Skólar, íþróttir og verslun í göngufæri. **Laus til afh. strax. Verð 34,9 millj.**



### 17 júní torg. Sjálandi Garðabæ.

Glæsilegt 66 íbúða fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ, ætlaðar fólki 50 ára og eldri. Um er að ræða 2ja og 3ja herb. íbúðir frá um 74,0 fm upp í um 131,0 fm. Bílageymsla fylgir flestum íbúðum. Vandaðar innréttingar frá Brúnás og vönduð tæki. Húsið er klætt að utan að mestu með litaðri álklæðningu. **Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**



### Þorragata. 3ja herb.

101,6 fm íbúð á 2. hæð auk 6,5 fm geymslu. Stór og björt stofa, sjónvarpsherb., hjónaherbergi með góðu skápaplássi og opið eldhús í stofu. Þvottaherb. innan íbúðar. Svalir til suðurs. Gott útsýni. **Stæði í bílageymslu og innangengt í þjónustumiðstöð.Verðtilboð.**

## SÍÐUMÚLI - SKRIFSTOFUHÆÐ TIL LEIGU





**Til leigu 332,4 fm skrifstofuhæð á 3. hæð auk 68,9 fm millilofts.** Möguleiki að leigja í smærri einingum. Gluggar á öllum hliðum, góð lýsing og tölvulagnir í öllum herbergjum. Næg bílastæði. Öll þjónusta í næsta nágrenni. **Leigist með eða án húsgagna.**



### Miðbraut-Seltjarnarnesi.

Efri sérhæð. Glæsileg 139,7 fm efri sérhæð ásamt tvöf. jeppaskúr. Hæðin skiptist í hol með miklum skápum, rúmgott eldhús með nýrri innréttingu, bjartar samliggjandi stofur, 3 góð herbergi og baðherbergi. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. **Glæsilegt útsýni að Snæfellsjökli, Reykjanesi og til sjávar.Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Verð 45,9 millj.**



### Álfkonuhvarf –texti:

Til sölu glæsilegt fjögurra herbergja endaraðhús á tveimur hæðum ásamt sambyggðum bílskúr. Möguleg skipti á ódýrari eign í Reykjavík.
Stærð: 173,4 fm.
Byggingarár: 1988.
Verð: 33 m.kr.

SÍMI: 464 9955 ▪ FAX: 464 9901 ▪ STRANDGATA 29 ▪ OPIÐ MÁN. - FÖS. KL. 9-12 & 13-17

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 18-19.**
### Digranesvegur 76 – 200 Kópavogur.




Mjög vel staðsett 170,8fm 6 herb. efri sérhæð í nýlegu tvíbýlishúsi ásamt 32,9fm bílskúr, samtals : 203,7fm. Eignin skiptist í : Forstofu, stórar stofur með arin og mjög stórum suð/vestur svölum, eldhús, 2 baðherbergi, 4 svefnherbergi, þvottahús og geymslu. Mjög falleg aðkoma er að húsinu. V-44,9millj. (6122)
**Sölumaður verður á staðnum.**

### LAUSAR LEIGUÍBÚÐIR Á HAGSTÆÐU VERÐI!

Byggingafélag námsmanna auglýsir til leigu íbúðir bæði fyrir námsmenn og á almennum markaði á hagstæðu verði. Um er að ræða nýlegar einstaklings- og paríbúðir. Íbúðirnar eru staðsettar í Reykjavík, Hafnarfirði og á Laugarvatni. Stærðir íbúða eru á bilinu 40 til 70 fermetrar. Hverri íbúð fylgir ísskápur auk afnot af sameiginlegu þvottahúsi með þvottavél og þurrkara. Félagið hefur yfir að ráða umsjónarmönnum sem hægt er að kalla til ef eitthvað þarf að laga.

Á heimasíðu félagsins www.bn.is er hægt að kynna sér leiguverð, skipulag og stærð íbúða. Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma 552-6210 frá klukkan 9:00 til 16:00 alla virka daga.





**FASTEIGNASALA ÍSLANDS**
VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066

**HOLTSBÚÐ - GARÐABÆR** Einb.



Vorum að fá í einkasölu einbýlishús á einni hæð ásamt góðum bílskúr, samtals 160 fm. Frábær staðsetning. Stofa, borðstofa, 3 góð herbergi, baðherbergi, sauna. Góð suður verönd og garður. Stutt í skóla og þjónustu. Miklir stækkunarmöguleikar. Ásett verð 42,8 millj.

**ESJUGRUND KJALARN. - SKIPTI** 4



Vorum að fá í einkasölu vel skipulagt 4ra herbergja 126,5 ferm. raðhús á einni hæð á góðum stað. Eignin er björt og opin þar sem lofthæðin fær að njóta sín. Rúmgott eldhús, björt stofa, 3 svefnherb., þvottahús og nýl. endurn. baðherb. Timburverönd.LÆKKAÐ VERÐ: 26,9 millj. SKIPTI ATH. Á 2-3 HERB. ÍB.

**VÍFILSGATA – ENDURN** 3



Vorum að fá í einkasölu fallega og mikið endurn. 3ja herb. efri hæð í þríbýli ásamt byggingarrétti. Suðursvalir. Nýlegt parket. Góð staðsetning. Ásett verð 20,8 millj.

## BÍLAR & FARATÆKI

### Bílar til sölu



Grand Cherokee Limited '02 ek. 108þ. mílur. Sk. '10. Áhv. 1280þ. Ath. öll skipti. Verðh. 1400þ. S. 899 9799.



**Nýr LC120**
Til sölu nýr Toyota Land Cruiser 120 LX 2009, ekinn 0km, disel, sjálfsk., sóllúga, 8manna, álfelgur ofl. verð 8,9. skipti ath. Uppl. í s. 618 4444 og 618 4440.



VW Passat árg. 07/'06. Ek. 25.000 km. Verð 2.6. Uppl. 618 2750.




**Viltu skipta, kaupa eða selja ?**
Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins og stórlækkaðan sölukostnað. Kynntur þér málið Netbilar.is Hlíðasmára 2 s: 588-5300

**Tilboð 100 þús.**
Toyota Corolla árg.'90 5 dyra ek. 120 þús. sjálfsk. Ný tímareim. sk.'10 V. 100 þús. S. 891-9847

### 0-250 þús.



Ford Ka árg '98, ekinn 128þús, bsk, álfelgur, ný skoðaður, góður bíll, Tilboðsverð aðeins 250 þús, uppl í s:659-9696

### 250-499 þús.

**Tilboð 350þús!**
Korando árg.'98 2,3 benz mótor 140 hö, ek. 148 þús, 5 gíra, 33" breyttur, ný skoðaður. 2010, dráttarkrókur, ryðlaus, ásett verð 490 þús. TILBOÐ 380 þús!!! s. 841 8955.

### 2 milljónir +



TOWN & COUNTRY Árg. 2007 - Ekinn 13 þ.km. Verð 3.690 þ. Sími 8407080

### Bílar óskast

Staðgr. 500-700 þús fyrir lítinn sparn. bíl árg 2005-6. Upplýs Helga s. 899-9940

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla Peugeot, Daewoo og Merced.Benz bíla. Nánari uppl.í s. 661 2222.

Vill kaupa bíl á 40-150 þús. Uppl. í S. 615 1815.

Óska eftir að kaupa ódýran bíl á 0-400 þús kr sem má greiðast með yfirtöku eða visa rað. Uppl. s: 695-0271 eftir kl 17.

**0-150 STAÐGREITT!!!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús., helst skoðaðan enn má þarfnast smá lagfæringar. s. 691 9374.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

### Jeppar



Subaro Impreza árg. 2000 Ekinn 167000 km Einn eig. verð 450.000kr. Uppl. s:694 2130

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Vil kaupa 4 x 4 ferðabíl, helst upphækkaðann. Uppl. 898-6337 eða sendið upplýsimngar í stoneinternet.is

### Fornbílar

Til sölu Volvo Laplander árg'82. 7 manna. Highroof. Gott eintak. Uppl. í s. 844 1616

### Vörubílar



05/scanica470 ek.106þ.mjög vel útbúinn kranabíll með snjótannarbúnaði. Uppl. í s. 894 0326.

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

### Fjórhjól

Polaris Outlaw 525 '08 ek. c.a.5-7 tíma, eins og nýtt. Vsk hjól, skoða ýmis skipti, verð 850þús+vsk. s:8695240.

### Fellihýsi

Coleman Sedona 10 feta fellihýsi, árg. 2004 til sölu. Ný skoðað og mjög vel með farið. Bremsur ný endurnýjaðar, nýr rafgeymir. Ýmis aukabúnaður, loftpúðafjöðrun, sólarsella, 80 lítra vatnstankur, geymslukassi, öflug Trumatik miðstöð og markisa Ásett verð 1.2 mkr. Uppl. í síma 856-5902

### Bátar

Óska eftir Yanmar bátavél, 4cylendar, 190 -230 hs, heilli eða notaðri, má vera biluð. Einnig til skel 26. S. 892 6777 & 660 6537.

### Hjólbarðar




### Varahlutir




**www.netpartar.is Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

**VW, Skoda S. 534 1045**
Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Óska eftir að kaupa sjálfskiptingu í Isuzu Trooper '02. Uppl. í síma 856-5902.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## ÞJÓNUSTA

### Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

**Atlló Þrif & Viðhald**
Hreingerningar • Flutningsþrif
Gólfbónun • Teppahreinsun
• Húsgagnahreinsun •
Sími: 662 0 662

**GLÆSIGÓLF**
Gólfþrif og Bónun
Tökum að okkur öll gólfþrif, bónleysingu og bónun. Vönduð vinnubrögð. Sími 822 0377, Björn.

Tek að mér venjuleg heimilisþrif. Er vandvirk. Uppl. í s. 587 2084 & 690 2084.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

### Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**







Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

**Haustfellingar**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

### Þjónusta

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562

**Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.**

**Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.**

**OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA**

**Haustklippingar!**
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**










Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712

**Húsasmíðameistari**
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

**Óli smiður**
Tek að mér viðhaldsverkefni stór sem smá, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður 698 9608.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Handlaginn húsasmíðameistari óskar eftir verkefnum. Tek að mér verk, stór sem smá. S. 894 9529.

Getum bætt við okkur verkefnum, flísa - og pípulagnir. Góð þjónusta, gott verð! S. 844 7107.

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

## Stífluþjónusta

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin

## Nudd

Frábært heilnudd, fantastic massage. S. 843 9420 & 894 6823.

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

TANTRIC whole body massage in DOWN TOWN.ANY TIME 8698602

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 5015

Tantrik massage in down town. S 847 6555.

## Spádómar







**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
**Einkatímar.**
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Skemmtanir




## Rafvirkjun







## Trésmíði



**Bergiðjan ehf www.bustadur.is**
Eitt minigolfsett til sölu á góðu verði. Skemmtilegt sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Smíðum og gerum við sumarhús og útileiktæki og almenn trésmíðavinna, smíðum borð með áföstum bekkjum. Uppl. í s. 867 3245 & 869 1690 Bergiðjan ehf Smiðshöfða 12, pukinnsimnet.is

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is.

Lítil járnsmiðja getur bætt við sig verkefnum. Smíða bæði úr svörtu efni og ryðfríu. Uppl. í s. 862 2530.

**Nýsmíði og viðhald innréttinga**
Áratuga reynsla í viðgerð húsgagna. Nýsmíði innréttinga og hurða. Viðhald innréttinga Viðhald útidyrahurða Húsgögn ehf, Gilsbúð 3, Garðabæ Sími: 567-4375 e-mail husgognehfsimnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu






Eftirlits myndavélakerfi, upptökutæki og myndavélar. Mjög góð upplausn á myndavélunum Upplýsingar í símum 8677866 og 8622121




Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4. græn gata Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13, Verið velkomin**

Óskum eftir að kaupa loftpressu upp að 232 börum til að fylla á köfunarkúta. S. 663 2858.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Pallaefni, gott verð. Dekk og undirstöður 28X125 rásað. Uppl. í s. 694 9142.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is




Öryggis- og peningaskápar.




## Fyrirtæki

Heildverslun með dömutískufatnað og fl. til sölu vegna flutnings erlendis. Möguleiki á skiptum á dýrum bíll. Uppl. í s. 845-7869

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osaismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - HEILSULIND TILBOÐ KR. 3.500.-**
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slökunarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Námskeið



Viltu læra að hlaupa með minni áreynslu? Smári s. 896.2300 www.smartmotion.org

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

**NORSKA - ICELANDIC ANGIELSKI dla POLAKÓW Enska fyrir börn**
Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30, st. 28/9. Level I: 4w Md to Fr; 18-19:30, st. 28/9. Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 28/9. Level III: 4w Md to Frd 15-16:30 st. 28/9. Level II: 7w Md,Wd, Frd 19:45-21:15 st. 12/10 Level III: Tues/Thur; 10 weeks 19:45-21:15. st: 12/10. NORSKA: 4 vikur mán til fös 19:45-21:15; byrjar: 14/9, 12/10. ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I: 4 weeks; Md to-Fr;18-19:30: 28/9. Level II: 4 w; 18:-19:30.start 26/10. ENSKA f. BÖRN: 8 vikur; kl 16:30-17:30; 9-12 ára: Þri/fim: 29/9 og Framhaldst.; fös, 1 x viku: 2/10. 5-8 ára: mán/mið: 30/10. Ármúli 5, s.5881169. - www.icetrans.is/ice

## Kennsla

**Nuddnám**
Svæða og viðbraðgsmeðferð Ak / Rvk. hefst 23 sept. S: 696 0970 & 895 7333 www.nudd.is SOVÍ.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Frábær einbýlishús með einkasundlaug til leigu á golfvelli í Florida. Nánari uppl. á www.floridafri.is, rurikfloridafri.is og í S 618 2596.

## Fyrir veiðimenn

Super salmon fishing in Vancouver B.C. Kings up to 20 kg.Coho, Sockeye etc. Persons interested in forming a small party for July/Aug.2010 for 6 day's fishing, 7 nights stay, please contact at ; bjorn03ru.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

Flatmate wanted. Classy 101 flat with high ceiling. Smoke free. Mobile 618 2100.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Ný 109 fm 4 herb. íbúð í Norðlingaholti pnr. 110. Laus strax. Sími 845-7869

2. herb. 60fm íbúð til leigu á álftanesi. Verð 90þ. með hita og rafmagni. Laus 1.okt 661 6887.

2 herb./ herb. til leigu á svæði 104. 2 room apartment/ room for rent contact number 698 3211.

Studio apt. and rooms with private bathroom for rent in Stapahraun 2 Hfj. Kitchen, washer, dryer and free internet. Furniture if needed. Tel 893 6060.

## Húsnæði óskast

32 ára kk leitar að 2-3 herb íbúð í Rvk. Langtímaleiga, geta að 90þús. m/hita og rafm. Er reglusamur með góð meðmæli. 8425412 e.18:00

Starfsmaður alþjóðastofnunar og mastersnemi með ungt barn, leita að 3-4 herb. íbúð í Vesturbæ eða Þingholtum. 100-150 þús. s. 848-9323

## Atvinnuhúsnæði

**Bolholt 4 til leigu**
**170fm verslunarhúsnæði á 1.hæð. Leigutilboð óskast. Laust strax. Einnig 220fm skrifstofuhúsnæði á 2.hæð, hægt að skipta í minni pláss. Húsnæðin eru í góðu ástandi - Góð gólfefnni - Er á milli Kauphallarhússins og Laugvegs 180. Hagstæð leiga/ Tilboð S. 893 8166 og 553 8166 og 581 3757.**

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**FERÐAVAGNAGEYMSLA**
Geymsla fyrir tjaldvagna og fellihýsi í Reykjavík. Tjaldvagnar á 37 þús veturinn, fellihýsi á 42 þús. Greiðsludreifing í boði. Örugg upphituð hús og ýmis viðbótarþjónusta í boði, s.s. trygging, geymahleðsla og skoðun. Upplýsingar og pantanir hjá Frumherja hf í síma 570-9090 milli kl 8 og 17 virka daga, einnig í tölvupósti á geymslafrumherji.is.

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað og nýstandsett hús á Eyrarbakka. Hreint, þurrt og lyktarlaust. Sömu verð og í fyrra. 10% stgr.afsl. S. 660-1060 & 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Ferðavagna geymsla í Hafnarfirði**
Nýlegt gott upphitað hús fyrir fellihýsi, tjaldvagna, hjólhýsi og fleira. Frá sept-1.maí. 3800 kr. fm.2 Uppl. s:896-3788

**Hlýjar vagnageymslur**
Í Borgarfirði. Löng reynsla, gott verð. Ferðavagnar bátar og fl. S. 663 2130 & magnus1220hotmail.com

**Húsvagnageymslur í Keflavík**
Frá sept til 1. maí, kr. 4200 á m2 veturinn, rammgert, lyktarlaust og loftar vel um. Uppl. síma 421-2800 eða alexalex.is. Alex Bílahúsið.

Nokkur pláss laus í upphituðu geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla í Garðarbæ. Uppl. í síma 661 3131 & 897 2000.

**Geymsla á farartækjum**
Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, ofl. Upphitað og vaktað húsnæði,Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274, Gylfi, eða á www.husbilageymslan.net"

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annaliljastracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Sölumaður óskast**
**Erlendur framleiðandi óska sjálfstæðum sölumanni til selja undirfatnað, vinnufatnað, tískufatnað og fl. Verður að hafa bíl. Góðir tekjumögleikar.**
**Allar umsóknir sendast á darmen-dk@hotmail.com eða S. 845-7869**

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu á tvískiptar vaktir frá 07-13 og 13-18. Einnig vantar afgreiðslufólk í helgarvinnu. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

Sushibarinn, Laugavegi 2 óskar eftir starfsm. í fulla vinnu og hlutastarf um helgar og kvöldin.Uppl eftir kl 16:30 á staðnum

Starfsmann vantar í afgreiðslu í líkamsræktarstöð. Upplýsingar í síma 577-5555 Veggsport heilsurækt Stórhöfða 17 v. Gullinbrú

**Matreiðslumaður / Kokk**
Óskast til vinnu sem fyrst á austurlenskan veitingastað, mikilvægt að viðkomandi tali íslensku og hafi dvalar og atvinnuleyfi. Góð laun í boði. Allar nánari upplýsingar í síma 868-0049.

## Atvinna óskast

Starfsfólk frá Lettlandi óskar eftir vinnu á Islandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar, fiskvinnslufólk o.fl. S.8457158

Sjópláss óskast sem fyrst við suðvesturhornið, vanur Beyttningu, netum, hef pungapróf og vélavarðarréttindi. Addi í síma 8666452

26 ára kk vanntar vinnu á höfuðb.svæðinu. Hef 6 ára reynslu af matreiðslu en er líka til í eitthvað annað. s: 865-7952

Enskumælandi kona leitar eftir ræstinga vinnu. Uppl. í s. 857 5851.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
vísir.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ

**JÖKULL JAKOBSSON RITHÖFUNDUR VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1933.**

*„Að standa uppi á fjallstindi. Maður er eins og konungur… einn og ræður öllu nema fegurðinni.“*

***Jökull var leikritaskáld og meðal þekktustu verka hans er Hart í bak. Hann var líka með þætti í útvarpinu sem nutu hylli og heyrast endurfluttir á Rás 1 öðru hverju.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. SEPTEMBER 1950

## *Geysir brotlenti á Bárðarbungu*

Í dag minnumst við þess að sex manna áhöfn farþegaflugvélarinnar Geysis komst lífs af þegar vélin brotlenti á Bárðarbungu á Vatnajökli árið 1950. Vélin var á leið frá Lúxemborg til Reykjavíkur. Fór hún í loftið klukkan hálf fimm að íslenskum tíma og var gert ráð fyrir henni til lendingar í Reykjavík upp úr miðnætti. Loftskeytamaður vélarinnar hafði samband um hálf ellefu og bjóst við að vélin yrði fjörutíu mínútum á undan áætlun vegna hagstæðra vinda og ætlaði að hafa samband hálftíma síðar. Ekkert meira heyrðist frá vélinni og urðu menn fljótt áhyggjufullir. Strax um nóttina hófst leit og björgunarsveitir um allt Suðurland voru kallaðar út.

Vélin hafði rekið væng í jökulinn og steypst á hvolf en engan sakaði að ráði. Nokkuð var af vefnaðarvöru í farangrinum og tókst áhöfninni að skýla sér með henni. Hún fannst ekki fyrr en eftir fjóra daga.



**KOMUST AF** Sex manna áhöfn Geysis komst lífs af þegar vélin brotlenti á Bárðarbungu.

## MERKISATBURÐIR

**1752** Gregoríska tímatalið er innleitt í Bretaveldi.

**1812** Napóleon Bonaparte hertekur Moskvu án mótspyrnu.

**1879** Dómkirkjan í Reykjavík er vígð öðru sinni eftir gagngerar endurbætur.

**1944** Marlene Dietrich kemur fram í Trípolí í Reykjavík ásamt leikflokki úr bandaríska hernum.

**1965** Hljómsveitin The Kinks kemur til Íslands til tónleikahalds.

**1982** Kristján Eldjárn forseti Íslands andast, 65 ára gamall.

**1986** Stofnun Sigurðar Nordal er sett á stofn.




†

*Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Hróðnýjar Einarsdóttur,**

fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 16. september kl. 13.00.

**Svanur Jóhannesson** **Ragnheiður Ragnarsdóttir**
**Inga Dóra Jóhannesdóttir** **Jón H. Eggertsson**
**Þóra Jóhannesdóttir** **Jóhannes Jóhannsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Þorkell Árnason**

Bauganesi 39, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 8. september. Útför hans fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 16. september kl. 11.00.

**Árna Steinunn Rögnvaldsdóttir** **Guðjón Andrésson**
**Már Rögnvaldsson** **Gíslína Gunnarsdóttir**
**og ættingjar.**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og frændi,*

**Sigurður Karlsson**

verktaki, Fagurgerði 2b, Selfossi,

lést á lungnadeild Landspítalans Fossvogi fimmtudaginn 10. september. Útförin auglýst síðar.

**Ingunn Guðmundsdóttir**
**Bergljót Snorradóttir**
**Sigurður Dagur Sigurðarson** **Sigríður Sif Magnúsdóttir**
**Karl Áki Sigurðarson**
**Snorri Sigurðarson** **Fjóla Kristinsdóttir**
**Gauti Sigurðarson** **Kolbrún María Ingadóttir**
**Þórarinn Karl Gunnarsson** **Kolbrún S. Hansdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Signý Sigurlaug Margrét Þorvaldsdóttir,**

Suðurgötu 15, Reykjanesbæ,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 7. september. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 16. september kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Kvenfélagið Gefn í Garði.

**Ari G. Hallgrímsson** **Kristín Ingólfsdóttir**
**Margrét Bragadóttir** **Kristján Arilíusson**
**Hermann J. Bragason** **Júlíana Gestsdóttir**
**Ágúst Þ. Bragason**
**Vilhjálmur H. Bragason**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**


**FYRIRTÆKIÐ ÍSAGA:** FAGNAR NÍUTÍU ÁRA AFMÆLI UM ÞESSAR MUNDIR

# Vitamálastjóri, verðandi forseti og fleiri stofnuðu ÍSAGA



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN.** „Kannski var bara eins gott að koma heim núna, úr þessu getur leiðin bara legið upp á við,“ segir Guðmundur Rafnsson, sem er nýfluttur frá Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Menn hringja af Reykjavíkursvæðinu á kvöldin og um helgar ef menn eru byrjaðir að grilla og gaskúturinn er tómur. Þá fá menn annan innan ekki langs tíma.“ Þetta segir Guðmundur Rafnsson, framkvæmdastjóri ÍSAGA, glaðlega þegar hann lýsir þjónustu fyrirtækisins, sem framleiðir og selur gas- og lofttegundir til notkunar í iðnaði og heilbrigðisþjónustu auk einkanota.

ÍSAGA var stofnað árið 1919 í samvinnu við hið sænska AGA, eitt af stærstu gasfyrirtækjum heims. Fyrsta hlutverk þess var að framleiða asetylengas fyrir vita landsins. Það hefur ávallt verið rekið sem íslenskt fyrirtæki þótt það hafi verið í eigu erlendra aðila frá 1991 og nú síðustu árin sem hluti þýska fyrirtækisins Linde Group sem er umfangsmikið gasfyrirtæki, meðal annars á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum.

Guðmundur er nýfluttur til landsins og tók við starfinu um síðustu mánaðamót en kemur að öllu kunnugu því hann vann hjá ÍSAGA á síðasta áratug sem sölustjóri á málmiðnaðarsviði. Hann fór til Lettlands sem framkvæmdastjóri AGA þar árið 1997 og er síðan búinn að starfa í sama geira í Rússlandi og Noregi. Spurður hvort ekki þurfi kjark til að flytja heim á Frón í miðri kreppu svarar hann bjartsýnn. „Jú, en kannski er bara eins gott að koma heim núna, úr þessu getur leiðin bara legið upp á við.“

Starfsmenn ÍSAGA eru í heildina um 35 talsins og allir íslenskir, að sögn Guðmundar. „Hér hefur ekki verið mikið gegnumstreymi af fólki,“ segir hann. „Einn var að fara á eftirlaun eftir fjörutíu ára starf og hér eru nokkrir með yfir tuttugu ára starfsaldur.“ Níutíu ára afmælishófið var haldið í gær og við undirbúning þess kveðst Guðmundur hafa gluggað í gamlar fundargerðir. Þar kom í ljós að meðal stofnenda voru Thorvald Krabbe sem þá var vitamálastjóri og Sveinn Björnsson, síðar fyrsti forseti Íslands. „Svo hef ég séð gömul línurit yfir gassöluna og þar hafa komið toppar. Til dæmis eftir mikið óveður, ég held 1925, því þá voru svo miklar viðgerðir á skipum, og 1930 var stór kúrfa því gas var notað til eldunar á Alþingishátíðinni á Þingvöllum.“

Upphaf AGA rekur Guðmundur til Gustafs Dalén, uppfinningamanns mikils og Nóbelsverðlaunahafa sem stofnaði fyrirtækið upp úr aldamótunum 1900. Hann miðlar fúslega sögunni. „Fyrst fann Dalén upp sérstakan massa eða grunnefni sem gerði mönnum kleift að geyma og flytja asetylengas og í upphafi vitavæðingar hannaði hann vita sem notaði slíkt gas. Svo fann hann upp búnað sem fékk vitaljósin til að blikka og fyrir hann fékk Dalén Nóbelsverðlaun. Síðar kom úr smiðju hans búnaður sem slökkti á vitunum yfir daginn þannig að gasið sparaðist í birtunni. Þegar verið var að grafa Panamaskurðinn fékk AGA samning um að byggja vita niður með strönd Suður-Ameríku. Eftir það tengdist fyrirtækið alls konar framkvæmdum, skyldum og óskyldum.“

En snúum okkur að nútímanum og Íslandi. Guðmundur segir ÍSAGA með súrefnisverksmiðju á Breiðhöfða í Reykjavík og kolsýruframleiðslu að Hæðarenda í Grímsnesi. „Þar er önnur af tveimur uppsprettum kolsýru í heiminum. Hin er í Suður-Ameríku,“ upplýsir hann. „Okkar þjónusta skiptist í málmiðnaðarsvið, matvælasvið og málmvinnslu. Málmiðnaðarsviðið þjónar öllum sem nota gas til suðu, skurðar eða hitunar. Matvælasviðið notar gas við frystingu og kælingu og í málmvinnslu er gas notað í mismunandi framleiðsluferli. Svo er hluti af fyrirtækinu sem bara þjónar sjúkrahúsum og heilsugæslu og gengur undir nafninu Linde Healthcare.

Kosturinn við að vera hluti af alþjóðlegu fyrirtæki er sá að við höfum aðgang að sérfræðingum víða um heim sem geta hjálpað viðskiptavinum okkar að bæta eigin framleiðsluferli. Það er okkar styrkur.“

**gun@frettabladid.is**

# Leiklistin numin í Leynileikhúsi

Leynileikhúsið var stofnað fyrir fimm árum og hefur frá stofnun kennt þúsundum barna leiklist um allt land. Einnig hefur það sett á laggirnar vinsælar sýningar, eins og Hafið bláa og Öskubusku sem báðar voru settar upp í Austurbæjarbíói.

Leynileikhúsið stendur fyrir leiklistarnámskeiðum sem hefjast brátt. Um er að ræða tólf vikna námskeið sem fara fram í mismunandi grunnskólum en þannig læra ungu leikararnir leiklist í hverfinu sínu. Námskeiðin eru fyrir krakka á aldrinum 7-15 ára og læra þau að tjá sig, efla sjálfstraust og samskiptahæfni á sama tíma og þau skemmta sér konunglega við að læra að leika og búa til leikrit. Námskeiðin enda svo á uppskeruhátíð þar sem hver hópur leikur leikrit á sviði fyrir vini og vandamenn.

Þess má geta að umboðsmaður Leynileikhússins er í góðu sambandi við framleiðendur kvikmynda, auglýsinga, sjónvarpsefnis, útvarpsefnis og leikhúsuppsetninga. Þegar hefur fjöldi nemenda Leynileikhússins fengið hlutverk í kvikmyndum, auglýsingum og í leikhúsum, nú síðast í Kardemommubæ Þjóðleikhússins og í Söngvaseið Borgarleikhússins.

Kennarar á haustönn 2009 eru Bjarni Snæbjörnsson, Þóra Karítas Árnadóttir, Tinna Hrafnsdóttir, Víðir Guðmundsson, Vigdís Másdóttir, Ylfa Ösp Áskelsdóttir og Stefán Benedikt Vilhelmsson.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.leynileikhusid.is.



**KÁTUR HÓPUR** Leynileikhúsið heldur námskeið fyrir börn á grunnskólaaldri og ekki er annað að sjá en að það sé mikið fjör.

# AMBILIGHT BAKLÝSING



## ÓTRÚLEG UPPLIFUN - NÝJAR VÍDDIR




Láttu áhrifamátt Philips Ambilight baklýsingarinnar umbreyta sjónrænni upplifun þinni. Ambilight tæknin framkallar nýjar víddir í sjónvarpsefni með seiðandi samspili ljóss og lita. Um Philips flatskjái með Ambilight er aðeins eitt að segja – sjón er sögu ríkari.

**PHILIPS**

**Philips 42PFL8404H**
- 42" LCD Pixel Precise HD BREIÐTJALD
- Full HD 1920x1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra baklýsing
- Pixel precise HD og HD Natural Motion
- Innbyggður stafrænn móttakari DVB-T
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 3ms / 100 Hz Clear LCD
- Net TV - YouTube o.fl

Net TV ambi light

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 359.995




**Philips 32PFL8404H**
- 32" LCD Pixel Precise HD BREIÐTJALD
- Full HD 1920x1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra baklýsing
- Pixel precise HD og HD Natural Motion
- Innbyggður stafrænn móttakari DVB-T
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 3ms / 100 Hz Clear LCD
- Net TV - YouTube o.fl

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ 279.995




**Philips 37PFL8404H**
- 37" LCD Pixel Precise HD BREIÐTJALD
- Full HD 1920x1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra baklýsing
- Pixel precise HD og HD Natural Motion
- Innbyggður stafrænn móttakari DVB-T
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 3ms / 100 Hz Clear LCD
- Net TV - YouTube o.fl

**TILBOÐ**
**279.995**
FULLT VERÐ 329.995




**Philips 47PFL8404H**
- 47" LCD Pixel Precise HD BREIÐTJALD
- Full HD 1920x1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra baklýsing
- Pixel precise HD og HD Natural Motion
- Innbyggður stafrænn móttakari DVB-T
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 3ms / 100 Hz Clear LCD
- Net TV - YouTube o.fl

**TILBOÐ**
**399.995**
FULLT VERÐ 499.995

**REYKJAVÍK**
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

**HÚSAVÍK**
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

**SELFOSS**
EYRARVEGI 21
480 3700

**Heimilistæki** ht.is







NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

# Ó-raunveruleikinn

Þrátt fyrir að ég sé forfallinn upplýsingafíkill, jafnvel sjónvarpsfíkill og alveg örugglega tölvufíkill, finnst mér líka oft sem upplýsingamagnið sé algjörlega yfirþyrmandi. Mér fallast til dæmis oft hendur þegar ég hef ekki komist á fréttasíður í svolítinn tíma. Þá líður mér eins og ég muni aldrei komast yfir allar þær upplýsingar sem settar voru fram á þeim tíma sem ég var ekki á netinu. Eins og allt það sem þar fer um sé ómissandi upplýsingar, þegar ég veit vel að svo er ekki. Mikið af þessum upplýsingum þarf ég alls ekkert að fá, og er engu betur sett með að vita. Mér gæti til dæmis ekki verið meira sama um það að Whitney Houston hafi verið í náttfötum í sjö mánuði á meðan hún dópaði á sínum tíma. Eins er mér algjörlega sama um það að hundurinn hennar Mariuh Carey hafi pissað á hana. Þessar upplýsingar buðu vinsælustu fréttasíðurnar mér upp á í gær.



Auðvitað er margt merkilegt, og það er vel þess virði að fylgjast vel með því sem er að gerast. Magnið er bara svo rosalegt að það er erfitt að meðtaka allt. Með netinu, og ekki síst vinsældum Facebook, er hægt að dreifa fréttum og upplýsingum á óhugnanlegum hraða – fréttum sem kannski eiga sér svo enga stoð í raunveruleikanum. Yfirleitt er það þannig að leiðréttingar á þessum platfréttum komast ekki nema að litlu leyti til skila. Í gær kom enn eitt dæmið um þetta í ljós. Milljón manns hafði horft á myndband á Youtube af danskri konu í leit að barnsföður sínum. Hversu margir ætli hafi séð fréttirnar um að myndbandið hafi verið dulbúin auglýsing og enga stoð átt í raunveruleikanum?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman













## > Sigur í fyrsta leik Eiðs Smára

Mónakó vann 2-0 sigur á Paris Saint-Germain í frönsku úrvalsdeildinni í gær en þetta var fyrsti leikur Eiðs Smára með Mónakó-liðinu. Eiður Smári lék fyrstu 87 mínúturnar í leiknum en honum var skipt útaf eftir að Kóreumaðurinn Chu-Young Park kom liðinu 1-0 yfir á 86. mínútu. Það var síðan Brasilíumaðurinn Nené sem skoraði seinna markið þremur mínútum síðar. Eiður Smári fékk ágæt skotfæri í fyrri hálfleik en átti þá misheppnað skot rétt framhjá. Hann var annars ekki mikið í boltanum í leiknum og hefur oft spilað betur.



**sport**

sport@frettabladid.is

HEIMIR GUÐJÓNSSON OG HANS MENN: GETA ORÐIÐ ÍSLANDSMEISTARAR Á ÆFINGU Á MIÐVIKUDAGINN

# Þú þarft að treysta á sjálfan þig í þessu

FH slátraði ÍBV 5-0 í Kaplakrikanum í gær og ljóst er að ef KR-ingar misstíga sig gegn Breiðabliki á miðvikudaginn verður Hafnarfjarðarliðið Íslandsmeistari þetta sumarið. Leikmenn FH ætla þó ekki að fjölmenna á Kópavogsvöll þar sem þeir verða á æfingu á sama tíma.

„Eftir fyrsta markið var þetta aldrei spurning," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir stórsigurinn í gær. „Maður kannaðist aðeins við FH í þessum leik, einnar snertingar fótbolti og góð hreyfing á mönnum. Þá héldum við hreinu annan leikinn í röð svo þetta er allt í áttina."

Íslandsmeistaratitillinn er handan við hornið en Heimir segir að ekki verði byrjað að fagna fyrr en liðið sé komið með nóg af stigum. „Þú þarft að treysta á sjálfan þig í þessu og næst er erfiður leikur við Val. Við ætlum að undirbúa okkur vel fyrir þann leik og það þýðir ekkert að spá í neitt annað," sagði Heimir. „Við verðum með æfingu á miðvikudaginn svo við munum ekkert horfa á þennan leik hjá KR."

Tryggvi Guðmundsson segir að leikmenn séu vel minnugir þess sem gerðist í fyrra þegar Keflvíkingar voru í svipaðri stöðu fyrir lokasprettinn. „Þetta var góður sigur í dag en það er nóg eftir," sagði Tryggvi eftir leikinn.

Það er mikill getumunur milli FH og ÍBV og hann kom bersýnilega í ljós í gær.

„Við gáfum okkur alla í þetta í fyrri hálfleik en gáfum vel eftir í þeim síðari. Spilamennskan í fyrri hálfleik var ekki alvitlaus. Seinni hálfleikurinn var hins vegar einstefna og maður sá hausinn á strákunum fara neðar og neðar. Þú spilar ekki með hausinn í bringunni á móti FH-ingum á þeirra heimavelli, það er alveg ljóst," sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, eftir leikinn í gær.



**FIMM MÖRK** FH-ingar fagna hér öðru marki Atla Viðars Björnssonar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FYRSTA MARKIÐ** Pape Mamadou Faye fagnaði markinu vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fylkir vann 2-0 sigur á Þrótti:

# Pape skoraði

**FÓTBOLTI** Pape Mamadou Faye fylgdi eftir frábærri frammistöðu og þremur mörkum í tveimur sigrum 19 ára landsliðsins á Skotum með því að opna markareikning sinn í Pepsi-deildinni í 2-0 sigri Fylkis á áhugalitlum og föllnum Þrótturum í gær.

Pape kom inn á sem varamaður á 64. mínútu og skoraði markið sex mínútum síðar. Pape fagnaði markinu enda eins og óður væri og reif sig úr að ofan við mikinn fögnuð áhorfenda í Árbænum.

„Ég varð að rífa mig úr og fagna almennilega. Ég er búinn að bíða svo lengi eftir þessu marki að ég varð að gera það. Ég vissi að það myndi kosta mig mitt þriðja gula spjald í sumar en það var ekki annað hægt en að fagna þessu með stæl," sagði Pape, sem viðurkenndi að markaleysið hefði kostað hann margar andvökunætur. - aó, óój



**SÁR OG SVEKKTUR** Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stjörnumenn voru svekktir:

# Enn eitt vítið

**FÓTBOLTI** Stjörnumenn voru aðeins tveimur mínútum frá því að vinna fyrsta útisigur sinn síðan í 2. umferð og fyrsta deildarsigur sinn síðan 23. júlí þegar þeir gerðu 3-3 jafntefli við Val.

Sigurbjörn Hreiðarsson tryggði Valsmönnum stig af vítapunktinum annan leikinn í röð en vítaspyrnudómurinn var ódýr og alveg úr takti við það sem var leyft í þessum fjörga leik.

Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, var skiljanlega sár yfir vítaspyrnudómnum sem kostaði liðið fyrsta útisigurinn síðan liðið vann Þróttara 14. maí.

„Hann vildi meina að þetta hefði verið gróft tog en ég sá það aldrei. Malli fann ekki fyrir því þannig að ég veit ekki hvað svona mönnum gengur til. Gunnar Jarl er annars frábær dómari sem hefur komið með flotta línu inn í úrvalsdeildina. Ég hrósa honum fyrir það en þetta var ekki sanngjarnt," sagði Bjarni.

Þess má geta að þetta var sjötta vítið sem er dæmt á Stjörnuna í Pepsi-deildinni í sumar en liðið hefur hins vegar enn ekki fengið vítaspyrnu. - óój

# Breiðablik og Fram í úrslit

Blikar komust í úrslitaleikinn í fyrsta sinn í 38 ár og Framarar slógu út bikarmeistara KR þegar undanúrslit VISA-bikar karla fóru fram um helgina.

**FÓTBOLTI** Það verða Breiðablik og Fram sem spila til úrslita í VISA-bikar karla en undanúrslitaleikirnir fóru fram á Laugardalsvellinum um helgina.

KR og Keflavík hafa verið meiri bikarlið undanfarin ár en nú fá ný lið að reyna sig í stærsta leik sumarsins. Blikar hafa aldrei unnið bikarinn en Framarar hafa ekki unnið hann í tuttugu ár.

**Tækifæri til að breyta sögunni**

Breiðablik lagði Keflavík 3-2 í undanúrslitum VISA-bikars karla í gær á Laugardalsvelli. Breiðablik er komið í úrslit bikarsins í annað sinn í sögu félagsins og fyrsta sinn síðan liðið tapaði 1-0 gegn Víkingum 1971.

Blikar hófu leikinn af miklum krafti og voru komnir í 2-0 eftir aðeins þrettán mínútna leik en Keflavík jafnaði metin með mörkum á 22. og 26. mínútu. Eftir þessa miklu veislu róaðist leikurinn og minna var um færi en Breiðablik knúði fram sigur með marki úr umdeildri vítaspyrnu á 66. mínútu.

„Þetta er góður áfangi og gefur okkur tækifæri til að vera með til að breyta sögunni. Ef við hefðum ekki unnið þennan leik værum við á sama stað og í fyrra og hittifyrra. Með því að komast í úrslitaleikinn eigum við möguleika á að komast alla leið og nú er málið að sætta sig ekki bara við það að komast í úrslitaleik heldur vera gíruga í það að taka dollu," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn.

**Framarar unnu bikarmeistarana**

Framarar tryggðu sér sæti í bikarúrslitaleiknum með því að vinna 1-0 sigur á bikarmeisturum KR-inga á laugardaginn.

Leikaðferð Framara gekk fullkomlega upp, þeir lágu aftarlega, voru þolinmóðir og beittu síðan hættulegum skyndisóknum. Sigurmarkið kom úr einni slíkri tólf mínútum fyrir leikslok þegar varamaðurinn Joseph Tillen slapp í gegn og skoraði laglegt mark.

„Það er frábær tilfinning að skora sigurmark síns liðs og koma liðinu í bikarúrslitaleikinn. Þetta var kannski ekki skemmtilegur fótboltaleikur en það skiptir ekki máli því við erum komnir í úrslitaleikinn og vonandi getum við nú unnið bikarinn. Þetta var frábær frammistaða á móti einu besta liðinu í deildinni," sagði Joseph Tillen, hetja Framara í leiknum.

Hann þakkaði Jóni Guðna Fjólusyni fyrir frábæra sendingu. „Jón Guðni lagði líka upp markið mitt á móti Keflavík og ég vissi að hann gæti gefið þessa sendingu. Ég tók bara hlaupið og þetta var frábær bolti frá honum inn fyrir bakvörðinn. Ég átti bara eftir að klára færið og sem betur fer tókst það," sagði Joseph.

KR-ingar voru miklu meira með boltann en sóknarleikur liðsins var bitlítill og þrátt fyrir að KR-liðið stjórnaði leiknum nánast allan leikinn þá áttu Framarar nánast öll hættulegustu færin.

Fram hélt með þessum sigri sigurgöngu sinni áfram í undanúrslitum bikarsins en Framarar hafa unnið alla 14 undanúrslitaleiki sína frá árinu 1971.

- gmi, ooj@frettabladid.is



**LOKSINS** Stuðningsmenn Blika fögnuðu vel í leikslok enda Breiðablik búið að tapa í undanúrslitunum síðustu tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GÓÐ INNKOMA** Joseph Tillen (númer 29) kom inn á sem varamaður og skoraði sigurmark Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Emmanuel Adebayor í sviðsljósinu í sigri á Arsenal:

# Á leiðinni í leikbann

**FÓTBOLTI** Það var mikið skorað í ensku úrvalsdeildinni um helgina þar sem sigurgöngur Chelsea og Manchester City héldu áfram en meistararnir í Manchester United enduðu sigurgöngu Tottenham. Chelsea og Manchester United er í efstu tveimur sætunum eftir að hafa bæði lent undir í sínum leikjum.

Emmanuel Adebayor lét sína gömlu félaga í Arsenal finna fyrir því í 4-2 sigri Manchester City en framkoma hans í þessum leik mun hafa eftirmál. Þegar Adebayor skoraði, hans fjórða mark í fjórum leikjum, hljóp hann allan völlinn til þess að fagna fyrir framan stuðningsmenn Arsenal.

Adebayor baðst strax afsökunar eftir leikinn en aganefnd enska knattspyrnusambandsins mun taka þetta fyrir sem og að skoða það þegar hann traðkaði á andliti Robins van Persie, sem sagði að Adebayor hefði gert það viljandi. - óój



**HEITAR TILFINNINGAR** Emmanuel Adebayor fagnar hér marki sínu fyrir framan stuðningsmenn Arsenal. NORDICPHOTOS/GETTY



**FJÓRTÁN STIG** Rubens Barrichello sækir á Button. NORDICPHOTOS/GETTY

Formúla eitt á Monza í gær:

# Brawn-liðið vann tvöfalt

**FORMÚLA 1** Rubens Barrichello minnkaði forskot félaga síns í Brawn-liðinu, Jenson Button, niður í fjórtán stig með því að vinna Monza-kappaksturinn í Ítalíu í gær. Button var kominn með 26 stiga forskot á tímabili en hann lenti í 2. sæti í gær. Finninn Kimi Raikkönen á Ferrari komst síðan á verðlaunapall á heimavelli Ferrari. - óój

## ÚRSLIT LEIKJA

### VISA-bikar karla

Fram-KR 1-0
1-0 Joseph Tillen (78.).

Keflavík-Breiðablik 2-3
0-1 Elfar Freyr Helgason (8.), 0-2 Kristinn Jónsson (13.), 1-2 Guðjón Árni Antoníusson (22.), 2-2 Símun Eiler Samuelsen (26.), 2-3 Guðmundur Pétursson, víti (66.).

### Pepsi-deild karla

FH-ÍBV 5-0
1-0 Matthías Vilhjálmsson (24.), 2-0 Atli Viðar Björnsson (28.), 3-0 Atli Guðnason (57.), 4-0 Björn Daníel Sverrisson (75.), 5-0 Atli Viðar Björnsson (84.)

Valur-Stjarnan 3-3
0-1 Birgir Hrafn Birgisson (3.), 1-1 Helgi Sigurðsson (9.), 2-1 Arnar Sveinn Geirsson (24.), 2-2 Þorvaldur Árnason (58.), 2-3 Þorvaldur Árnason (59.), 3-3 Sigurbjörn Hreiðarsson, víti (88.)

Fylkir-Þróttur 2-0
1-0 Albert Brynjar Ingason (54.), 2-0 Pape Mamadou Faye (67.).

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **20** | **15** | **2** | **3** | **54-20** | **47** |
| KR | 19 | 12 | 3 | 4 | 44-26 | 39 |
| **Fylkir** | **20** | **12** | **3** | **5** | **37-23** | **39** |
| Fram | 19 | 8 | 4 | 7 | 34-29 | 28 |
| Breiðablik | 19 | 8 | 4 | 7 | 33-31 | 28 |
| Keflavík | 19 | 6 | 8 | 5 | 29-34 | 25 |
| **Stjarnan** | **20** | **7** | **4** | **9** | **41-36** | **25** |
| Valur | 20 | 7 | 4 | 9 | 24-36 | 22 |
| **Grindavík** | **19** | **6** | **4** | **9** | **33-37** | **22** |
| ÍBV | 20 | 6 | 4 | 10 | 21-36 | 22 |
| **Fjölnir** | **19** | **3** | **5** | **11** | **25-41** | **14** |
| Þróttur | 20 | 3 | 3 | 14 | 20-46 | 12 |

### 1. deild karla

Haukar-Selfoss 3-2
ÍA-HK 0-0
Haukar tryggðu sig upp í Pepsi-deildina með þessum sigri og fara þangað með Selfossi. HK varð að vinna ÍA til að eiga áfram möguleika.

### Enska úrvalsdeildin

BLACKBURN-WOLVES 3-1
1-0 El Hadji Diouf (18.), 2-0 Roberts (56.), 3-0 David Dunn (63.), 3-1 Stefan Maierhofer (87.).

LIVERPOOL-BURNLEY 4-0
1-0 Yossi Benayoun (26.), 2-0 Dirk Kuyt (40.), 3-0 Yossi Benayoun (60.), 4-0 Yossi Benayoun (81.).

MANCHESTER CITY-ARSENAL 4-2
1-0 Micah Richards (19.), 1-1 Robin van Persie (61.), 2-1 Craig Bellamy (73.), 3-1 Emmanuel Adebayor (79.), 4-1 Shaun Wright-Phillips (83.), 4-2 Tomasi Rosicky (87.).

PORTSMOUTH-BOLTON 2-3
0-1 Tamir Cohen (13.), 1-1 Younes Kaboul (25.), 1-2 Matthew Taylor (41.), 2-2 Kevin Boateng (64.), 2-3 Gary Cahill (89.).

STOKE CITY-CHELSEA 1-2
1-0 Abdoulaye Diagne-Faye (31.), 1-1 Didier Drogba (47.), 1-2 Florent Malouda (93.).

SUNDERLAND-HULL CITY 4-1
1-0 Darren Bent (13.), 1-1 Kamil Zayatte (42.), 2-1 Andy Reid (49.), 3-1 Darren Bent (64.), 4-1 Sjálfsmark (76.).

TOTTENHAM - MANCHESTER UNITED 1-3
1-0 Jermain Defoe (0.), 1-1 Ryan Giggs (24.), 1-2 Anderson (40.), 1-3 Wayne Rooney (77.).

WIGAN ATHLETIC - WEST HAM UNITED 1-0
1-0 Hugo Rodallega (54.)

BIRMINGHAM - ASTON VILLA 0-1
0-1 Gabriel Agbonlahor (84.).

FULHAM-EVERTON 2-1
0-1 Tim Cahill (32.), 1-1 Paul Konchesky (56.), 2-1 Damien Duff (78.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **5** | **5** | **0** | **0** | **12-3** | **15** |
| Man. United | 5 | 4 | 0 | 1 | 11-3 | 12 |
| **Man. City** | **4** | **4** | **0** | **0** | **8-2** | **12** |
| Tottenham | 5 | 4 | 0 | 1 | 12-7 | 12 |
| **Liverpool** | **5** | **3** | **0** | **2** | **13-7** | **9** |
| Aston Villa | 4 | 3 | 0 | 1 | 6-3 | 9 |
| **Sunderland** | **5** | **3** | **0** | **2** | **8-6** | **9** |
| Stoke City | 5 | 2 | 1 | 2 | 4-6 | 7 |
| **Arsenal** | **4** | **2** | **0** | **2** | **13-8** | **6** |
| Fulham | 4 | 2 | 0 | 2 | 3-5 | 6 |
| **Wigan Athletic** | **5** | **2** | **0** | **3** | **4-8** | **6** |
| Burnley | 5 | 2 | 0 | 3 | 2-9 | 6 |
| **West Ham** | **4** | **1** | **1** | **2** | **3-3** | **4** |

# STÓRFENGLEG FRIDA KAHLO

**Leikritið Frida … Viva la vida var frumsýnt á Stóra sviði Þjóðleikhússins á föstudagskvöld. Verkið byggir á ævi mexíkósku listakonunnar Fridu Kahlo. Uppsetningin er hugarfóstur hjónanna Brynhildar Guðjónsdóttur og Atla Rafns Sigurðarsonar. Brynhildur fer með aðalhlutverkið en Atli leikstýrir. Ljósmyndari Fréttablaðsins tók púlsinn á frumsýningargestum skömmu áður en gengið var í salinn.**



**EFTIRVÆNTING** Víkingur Kristjánsson leikari og Halldóra Rut Bjarnadóttir biðu spennt eftir að sýningin hæfist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Anna María Gísladóttir og Bjarni Guðjónsson knattspyrnumaður.



Mæðgurnar Hildur Hilmarsdóttir og Edda Snorradóttir.



Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, Oddný M. Ragnarsdóttir, Kristín Nikulásardóttir, Árni Tryggvason og Hrafnkell Ásgeirsson.


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FINAL DESTINATION 3D | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HALLOWEEN 2 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 5 - 8 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS LÚXUS | kl. 5 - 8 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BEYOND REASONABLE DOUBT | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| SEPTEMBER ISSUE | kl. 6 - 8 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FINAL DESTINATION 3D | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE GOODS LIVE HARD SELL HARD | kl. 8 | 14 |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 10 | 16 |
| STELPURNAR OKKAR | kl. 6 | L |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 6 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| BEYOND REASONABLE DOUBT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE FINAL DESTINATION 3D | kl. 6, 8 og 10(POWER) | 16 |
| HALLOWEEN II | kl. 5.50 og 10.10 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 og 9 | 16 |
| MY SYSTERS KEEPER | kl. 8 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BANDSLAM | kl. 5:45 - 8 - 10:20 | L |
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 10:20 | VIP |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 10:20 | 16 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 5:50 | VIP |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FINAL DESTINATION 4 (3D) | kl. 8:10 - 10:10 | 16 |
| BANDSLAM | kl. 5:40 - 8 | L |
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 8:10 - 10:10 | 16 |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 10:20(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BANDSLAM | kl. 8 - 10:10 | L |
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 8 - 10:10 | 16 |

HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS



## Skógar efla lýðheilsu fólks í þéttbýli

Forestry serving urban societies in the North Atlantic region

Alþjóðleg ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík 16.-19. september 2009

Ráðstefnan er ein sú stærsta sem haldin hefur verið um hlutverk skóga og skógræktar fyrir íbúa þéttbýlis. Meðal fyrirlesara eru ýmsir helstu sérfræðingar á sviði útivistarskóga, skipulagsmála og lýðheilsu. Gefst hér því einstakt tækifæri til að kynna sér þetta efni og helstu stefnur og strauma innan þess.

Ráðstefnan verður sett fimmtudaginn 17. september kl. 9:00.
Umfjöllun hennar skiptist í eftirfarandi meginþemu:

- Skógrækt í þágu þéttbýlissamfélaga við norðanvert Atlantshaf
- Félagsleg gæði skóga; aðgengi, samsetning og áhugaverð fyrirbæri skógarins
- Miðlun, samvinna og skógræktarstarf á samfélagsgrundvelli
- Tengsl heilsu við útivist í skógum
- Hönnun og skipulag skóga til útivistar og annarrar þjónustu

Nánari dagskrá, upplýsingar og skráning er á heimasíðu ráðstefnunnar – www.skogur.is/radstefna-sept-2009.
Ráðstefnan fer fram á ensku.

Ráðstefnan er skipulögð í tengslum við formennskuár Íslands í Norrænu ráðherranefndinni

## > David Attenborough

„Ég keyri ekki bíl. Ég gæti sagt að það sé af virðingu fyrir umhverfinu en hið rétta er að mér finnst ákaflega leiðinlegt að keyra.“

***Attenborough fjallar um Charles Darwin og kenningu hans um þróun lífsins í nýjum heimildarþætti sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 20.20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG VIÐ SEM JÖRÐINA BYGGJUM

# *Hún snýst nú samt og ég er af öpum kominn*

„Ég held að hið mikla lífsins tré vaxi á svipaðan hátt og þegar brum á tré myndar nýja grein, sem enn á ný myndar brum, og að sum þeirra verði að þróttmiklum greinum, sem breiða úr sér og kæfa aðra veigaminni og nærliggjandi sprota. Á sama hátt stefna dauðir og brotnir ættmeiðir lífsins upp í gegnum jarðlögin, uns þeir breiða úr sér um yfirborð jarðar og þekja það fögrum greinum sem stöðugt mynda nýja vaxtarsprota.“ (Charles Darwin)

Árið 1543 hélt Nikolaj Kopernikus því fram að jörðin væri reikistjarna á sporbraut um sólina. Næstu aldir mótuðu vísindamennirnir Tycho Brahe, Giordano Bruno, Johannes Kepler, Galileo Galilei og Isaac Newton nýja heimsmynd og lögðu grunninn að nútíma náttúruvísindum. Þeir liðu allir fyrir hugmyndaauðgi sína og rannsóknir sem byltu hugmyndum kirkjunnar um alheiminn. Sumir voru brenndir. Aðrir fangelsaðir. Margir pyntaðir.



Þessir menn lögðu grunninn að því að maðurinn byrjaði að skoða umhverfi sitt á nýjan hátt. Svo kom að Jóhannes Páll páfi II viðurkenndi rétt áður en hann dó árið 2005 að þessir menn hefðu haft eitthvað til síns máls. Til að sýna heimsbyggðinni hversu langt kirkjan var tilbúin að ganga í að viðurkenna að hún hefði haft rangt fyrir sér í rúmlega 500 ár lagðist hún ekki lengur gegn því að bækur þessara manna væru lesnar. Þetta veit ég, þökk sé RÚV.

Tilvitnunin hér að ofan er fengin úr bókinni Uppruna tegundanna sem kom út árið 1859. Þar færði Darwin sannfærandi rök fyrir því að þróun lífsins byggðist á náttúrulegu vali á arfgengum eiginleikum lífvera, að mannkyninu meðtöldu. Enn í dag, 150 árum síðar, standa kenningar Darwins óhaggaðar í nánast óbreyttri mynd.

Sir David Attenborough segir ykkur meira í kvöld. Þökk sé RÚV.

## MÁNUDAGUR



▶ **20.00 Dying Young** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Extreme Makeover: Home Edition** STÖÐ 2



▶ **20.50 Bachelorette** SKJÁREINN



▶ **21.15 Glæpahneigð** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45 Jamie At Home** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana** (48:56)

**17.53 Sammi** (39:52)

**18.00 Pálína** (1:28)

**18.05 Skellibær** (1:26)

**18.15 Sögustund með Mömmu Marsibil** (1:52)

**18.25 Út og suður** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Charles Darwin og lífstréð** (Charles Darwin and the Tree of Life) Heimildarmynd þar sem David Attenborough minnist náttúrufræðingsins Charles Darwin og uppgötvunar hans um þróun lífs á jörðinni.

▶**21.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (52:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hafa þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.

**23.05 Fé og freistingar** (17:23) (e)

**23.50 Flokksgæðingar** (6:8) (e)

**00.40 Kastljós** (e)

**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Blades of Glory**

**10.00 Batman & Robin**

**12.00 We Are Marshall**

**14.10 Shopgirl**

**16.00 Blades of Glory**

**18.00 Batman & Robin**

▶**20.00 Dying Young** Átakanleg mynd um unga konu sem ræður sig í vinnu við að annast mann sem þjáist af krabbameini.

**22.00 Sin City**

**00.00 Smokin' Aces**

**02.00 Le boulet**

**04.00 Sympathy For Mr. Vengeance**

**06.05 Great Expectations**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (10:10)

**11.00 The Best Years** (4:13)

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Erin Brockovich**

**15.10 ET Weekend**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Galdrastelpurnar, Njósnaraskólinn og Ævintýri Juniper Lee.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (22:24) Rachel er gengin fram yfir með barnið og er til í að reyna hvað sem er til að flýta fyrir komu þess. Joey fær að taka með sér einn gest á frumsýningu World War-myndarinnar sem hann lék í, og verður frekar fúll þegar Chandler sofnar.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (22:22) Í lokaþætti 17. þáttaraðar eru Hómer og Marge fengin til að veita hafnaboltaleikmanni og eiginkonu hans, sem er söngkona, hjónabandsráðgjöf.

▶**20.10 Extreme Makeover: Home Edition** (19:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.

**20.55 Big Love** (1:10)

**21.55 The Best Years** (10:13) Unglingsstúlkan Samantha Best er að hefja skólagöngu í virtum háskóla og þarf að takast á við háskólalífið og ástina.

**22.40 John From Cincinnati** (4:10) Fersk og áhugaverð þáttaröð frá HBO. Sögusviðið er Kalifornía, og snýst um þá sem helgað hafa líf sitt brimbrettum og hinum sérstæða lífsstíl sem þeim tengjast.

**23.30 Welcome Back Miss Mary**

**01.15 Network**

**03.15 Erin Brockovich**

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 FH - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsídeild karla í knattspyrnu.

**15.40 FH - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsídeild karla í knattspyrnu.

**17.30 PGA Tour 2009** Útsending frá lokadegi BMW Championship-mótsins í golfi.

**20.30 24/7 Mayweather - Marquez** Hitað upp fyrir bardaga Floyds Mayweather og Marquez. Undirbúningur þeirra fyrir bardagann er skoðaður.

**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**21.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**22.00 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**23.00 10 Bestu: Eiður Smári Guðjohnsen**

**23.45 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Fulham - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 Stoke - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**18.45 PL Classic Matches** Southampton - Liverpool, 2000.

**19.15 Man. City - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review**

**22.00 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.30 Tottenham - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dynasty** (49:88) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**17.55 Dynasty** (50:88) Ein frægasta sjónvarpssería allra tíma. Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar þegar þess þarf.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (25:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)

**19.10 Robin Hood** (13:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. (e)

**20.00 Kitchen Nightmares** (4:12) Núna mætir Gordon hrokafyllsta kokki á Long Island en rekstur veitingastaðarins er í molum og kúnnarnir eru að gefast upp. Tengdaforeldrar eigandans hafa sett ævisparnaðinn í veitingastaðinn og Gordon verður að bjarga málunum áður en eigandinn setur tengdó á hausinn.

▶**20.50 Bachelorette** (10:12) Það er komið að tvöföldum úrslitaþætti sem er dramatískari en nokkru sinni fyrr. DeAnna býður strákunum tveimur sem eftir eru að hitta fjölskyldu sína og þeir fá síðasta tækifærið til að heilla hana upp úr skónum. Hver fær síðustu rósina og hver fer hryggbrotinn heim?

**22.20 CSI. New York** (1:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.

**23.10 Penn & Teller: Bullshit** (57:59) Háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans og afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.40 Harper's Island** (1:13) (e)

**00.30 Pepsi MAX tónlist**

## iNN

**20.00 Eldum Íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Frumkvöðlar** Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

**21.00 7 leiðir með Gaua litla** Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson fjalla um heilsufar og mataræði.

**21.30 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur ræðir við Birgittu Jónsdóttur þingmann um einelti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

**Big Love**

Þriðja serían af þessum marglofuðu og ögrandi þáttum um Bill Henrickson sem lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess sem hann rekur eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**CSI: New York - NÝTT**

**SkjárEinn kl. 22.20**

Fimmta þáttaröðin um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York þar sem morð eru daglegt brauð. Síðasta þáttaröð endaði með mikilli dramatík þar sem Mac var í haldi bankaræningja. Nú rankar hann við sér í sökkvandi bíl og man ekkert hvað gerðist.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Með hægð
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Tónlistarklúbburinn
**23.20** Lostafulli listræninginn
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (5:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (6:25)
**17.30 E.R.** (7:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.15 Seinfeld** (2:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**18.45 Doctors** (5:25)
**19.15 Doctors** (6:25)
**19.45 E.R.** (7:22)
**20.30 Seinfeld** (2:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶**21.45 Jamie At Home** (5:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima. Hann notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum sínum.
**22.10 Monk** (12:16) Einkaspæjarinn og sérvitringurinn Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn undarlegra sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.
**22.55 Numbers** (9:23)
**23.35 Lie to Me** (12:13)
**00.20 The 4400** (5:13)
**01.05 Ástríður** (4:12)
**01.35 Auddi og Sveppi**
**02.05 Sjáðu**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Lab Rats **12.30** Never Better **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Lab Rats **15.15** Never Better **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** No Heroics **18.30** Never Better **19.00** Lab Rats **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** Life on Mars **20.50** The Catherine Tate Show **21.20** Saxondale **21.50** Rob Brydon's Annually Retentive **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** EastEnders **23.20** The Weakest Link

## DR 1

**12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Skråplan **14.30** Braceface **14.55** Den lyserode panter **15.00** Troldspejlet **15.15** Robotboy **15.30** Pippi Langstrompe **16.00** Det Radikal Venstres landsmode **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Gor det selv **18.00** Verdens værste naturkatastrofer **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Danskere i krig **20.30** Bag tremmer **21.20** OBS **21.25** Barnebrud gor opror **22.25** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Angelina Ballerina **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Valgnatt på NRK **18.50** Distriktsnyheter **18.55** Valgnatt på NRK **21.00** Kveldsnytt **21.05** Valgnatt på NRK **23.30** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **10.50** Plus **12.30** Kattorna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Ett annat sätt att leva **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Himmelblå **18.45** Porträtt av en motvillig herre **19.00** Ett kryssningsfartyg i hästväg **19.30** Älskade, hatade förort **20.00** Ett stulet barn, ett stulet liv **20.55** Kulturnyheterna **21.10** Mannen under trappan **21.55** Här är ditt liv **23.25** Studio 60 on the Sunset Strip



## HVAÐ SGIR MAMMA?



*„Ég er ótrúlega stolt af henni. Hún hefur alltaf haft mjög mikinn áhuga á fötum og skóm síðan hún var pínulítil. Til dæmis bað hún um saumavél í stúdentsgjöf.“*

Guðrún Mikkaelsdóttir, móðir Andreu Magnúsdóttur sem hefur hannað fatalínuna Rauðhetta Collection.

# Flugþjónn gerir stuttmynd og slær í gegn

„Ég er lærður leikari en er búinn að fljúga lengi. Mér fannst ég kominn á þann stað í lífinu að ég þyrfti að fara að skapa eitthvað,“ segir flugþjónninn Barði Guðmundsson. Stuttmynd hans, Mamma veit hvað hún syngur, verður sýnd á Riff-hátíðinni seinna í mánuðinum. „Ég skrifaði handritið á löngum flugum, oft á næturflugi til Alicante. Þá var stundum lítið að gera. Ég er yfirmaður svo ég lét það ekki trufla þótt kúnnarnir þyrftu aðstoð. Sendi bara hina,“ segir hann í gríni.

Þetta er grínmynd, 24 mínútna löng. Hún fjallar um Guðna Geir (Víðir Guðmundsson) sem býr heima hjá mömmu sinni. „Helga Braga leikur mömmuna og ég hafði hana alltaf í huga þegar ég skrifaði handritið. Hún er ráðrík og eyðileggur allar tilraunir sonarins til ástarsambanda. Hún er svo hrædd um að missa hann að heiman.“

Mamma veit hvað hún syngur – Mama knows best á ensku – var frumsýnd í San Francisco í júní, á alþjóðlegri kvikmyndahátíð samkynhneigðra. „Myndin var sýnd í Castro-bíóinu í troðfullum 1.500 manna sal. Viðtökurnar voru satt að segja rosalega góðar. Eftir myndina var fyrirspurnartími og þar var aðallega spurt um Helgu Brögu, hvar ég hefði eiginlega náð í svona stórkostlega leikkonu. Ég held að Helga Braga sé hreinlega orðin heimsfræg í San Francisco.“

Tilboðum rigndi inn eftir San Francisco-hátíðina og nú er myndin bókuð á fjölda kvikmyndahátíða, meðal annars í Osló, Hamborg og Palm Springs. „Ég fylgi nú ekki sjálfkrafa með á þær allar, en kannski kíkir maður á einhverjar. Ég er nú einu sinni að vinna hjá flugfélagi,“ segir leikstjórinn og hlær.

Framleiðandi myndarinnar er Hrafnhildur Gunnarsdóttir og myndin verður sýnd nokkrum sinnum á Riff, í fyrsta skipti 19. september í Háskólabíói. - drg



**HAFÐI HELGU BRAGA ALLTAF Í HUGA** Fyrsta mynd Barða Guðmundssonar verður sýnd á Riff. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT** 2. trunta, **6.** samanburðart., **8.** upphrópun, **9.** andi, **11.** hvort, **12.** fjárhirðir, **14.** óhreint vatn, **16.** í röð, **17.** mjög, **18.** nam burt, **20.** samtök, **21**. engi.

**LÓÐRÉTT** 1. sæti, **3.** guð, **4.** ógæfu, **5.** útdeildi, **7.** kennslubók, **10.** draup, **13.** fugl, **15**. áætlun, **16.** svif, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** drög, **6.** en, **8.** aha, **9.** sál, **11.** ef, **12.** smali, **14.** skólp, **16.** áb, **17.** all, **18.** tók, **20.** aa, **21.** akur. **LÓÐRÉTT: 1.** sess, **3.** ra, **4.** óheilla, **5.** gaf, **7.** námsbók, **10.** lak, **13.** lóa, **15.** plan, 16. áta, 19. ku.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 1078 manns.
2. Völli Snær.
3. Daniel Bruhl.




REYNIR LYNGDAL: BIÐLAR TIL SJÓNVARPSSTJÓRANNA AÐ LEYSA MÁLIÐ

# HAMARINN OG FANGAVAKTIN Á SAMA TÍMA

„Þetta er mjög óþægilegt og auðvitað vona ég að við Þórhallur [Gunnarsson] getum fundið einhverja lausn á þessu í sameiningu,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. Dagskrártími Fangvaktarinnar og Hamarsins rekast á.

Sama mál kom upp í fyrra þegar Svartir englar hjá RÚV og Dagvakt Stöðvar 2 sköruðust. Þá var gripið til þess ráðs að færa Svarta engla framar í dagskrána en að sögn Þórhalls Gunnarssonar, dagskrárstjóra Ríkissjónvarpsins, kemur það ekki til greina nú. „Í fyrra færðum við Evu aftar í dagskrána, höfðum hana á eftir Svörtum englum. Það voru hins vegar margir foreldrar sem kvörtuðu yfir því að vera með glæpatengt efni svona snemma kvölds og því sjáum við ekki aðra leið nú. Við verðum því með fréttaaukann strax á eftir sunnudagsfréttum og svo Hamarinn klukkan 20.10,“ útskýrir Þórhallur en Hamarinn verður frumsýndur 4. október. Fangavaktin fer hins vegar í loftið tuttugu mínútum síðar, klukkan hálf níu, en sýningar á þeirri þáttaröð hefjast 27. september.

Pálmi telur það ekki áhorfendum til hagsbóta að hafa leikið íslenskt efni á sama tíma hjá báðum sjónvarpsstöðvum. „Efni af þessu tagi er af skornum skammti og mér finnst þetta ekki gott.“ Þórhallur tekur alveg undir það sjónarmið og bætir því við að þetta sé ekki meðvituð ákvörðun. „Við getum hins vegar ekki tekið mið af öðrum stöðvum og svo hafa hinar svokölluðu plússtöðvar komið að góðum notum þegar svona kemur upp á,“ útskýrir dagskrárstjórinn í Efstaleitinu.

Reynir Lyngdal, leikstjóri Hamarsins, er ekki ánægður með þessa ráðstöfun þótt hann hafi auðvitað lítið með þetta að gera. „Það væri nú betra ef þetta væri hvort á sínum tímanum um sama daginn,“ segir Reynir og biðlar til sjónvarpsstjóranna að þeir finni nú einhverja lausn á þessum vanda líkt og gert var í fyrra. „Ég vil ekki líta á innlent leikið efni sem einhverja keppni, mér finnst að þetta eigi að snúast um að gera sem mest af góðu, íslensku leiknu efni. En svo er náttúrlega alltaf hægt að kaupa DVD-diskinn eða horfa á þetta á plúsnum.“ Ragnar Bragason, leikstjóri Fangavaktarinnar, segir að sér finnist þetta bara fáránlegt. „Ég yrði mjög ósáttur ef menn næðu ekki lendingu í þessu máli. Mér fannst alveg frábært að geta horft á tvo íslenska þætti á sunnudagskvöldi í fyrra,“ segir Ragnar og bætir því við að sjónvarpsstjórarnir tveir séu báðir vitibornir menn. „Og ég bara treysti því að þeir komist að vitrænni niðurstöðu. Þeim tókst það í fyrra.“

freyrgigja@frettabladid.is

### ÍSLENSK SUNNUDAGSKVÖLD

Þáttaraðirnar Hamarinn og Fangavaktin verða sýndar á svipuðum tíma, hvor á sinni stöðinni. Hamarinn verður klukkan 20.10 á RÚV en Fangavaktin hefst klukkan 20.30. Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, vonar að einhver lausn finnist á þessu vandamáli en Þórhallur Gunnarsson kveðst ekki geta fært til í sinni dagskrá, glæpatengt efni megi ekki vera of snemma á dagskrá. **Reynir Lyngdal** telur þennan árekstur vera bagalegan og biðlar til sjónvarpsstjóranna að þeir finni leið út úr vandanum.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið greindi fyrir nokkru frá sjónvarpsþættinum Jói og Gói sem Sigurjón Kjartansson, Ilmur Kristjánsdóttir, Óskar Jónasson og Davíð Þór Jónsson skrifuðu handritið að. Óskar átti að leikstýra en eins og nafnið gefur til kynna var ráðgert að **Jóhannes Haukur Jóhannesson** og Guðjón Davíð Karlsson léku aðalhlutverkin. Sýna átti þættina á RÚV. Hins vegar hefur verið ákveðið að setja þessa hugmynd í salt og vinna betur í handritinu. Hjá Marteini var sett í framleiðslu í staðinn en þar leikur Jóhannes einnig aðalhlutverkið.



Megas og Senuþjófarnir spiluðu Millilendingu og efni af öðrum plötum í Nasa á fimmtudagskvöldið. Tónleikarnir tókust mjög vel í troðfullu húsinu. Tvöföld tónleikaplata Megasar og Senuþjófanna, Segðu ekki frá, er væntanleg eftir tvær vikur. Platan hefur að geyma ný lög og gömul, upptekin víðs vegar um landið á síðustu mánuðum. Upphaflega hugmyndin var að einnig kæmi út stúdíóplata með nýju efni á árinu, en óljóst er með þær áætlanir. **Megas** mun ekki hafa dælt frá sér nýjum lögum jafn ört og vonir stóðu til.



**Kiddi** í Hjálmum, **Steinþór Helgi Arnsteinsson** og hinir strákarnir sem standa að útgáfufyrirtækinu Borginni leita nú að húsnæði á Laugaveginum til að kynna starfsemi sína yfir Iceland Airwaves og fram að jólum. Helst er gælt við að búðin geti verið í húsnæði fyrir neðan Kaffibarinn. Netútgáfan Gogoyoko verður að öllum líkindum með í samkrullinu. - fgg, drg






# Netþrjótur í gervi Unnar Birnu

„Það er frekar fúlt að það sé hægt að nota nafn manns og mynd svona auðveldlega – og í rauninni ferðast um Netið undir mínu nafni. Það er mjög óþægilegt,“ segir alheimsfegurðardrottningin og lögfræðingurinn Unnur Birna Vilhjálmsdóttir.

Netþrjótur opnaði Facebooksíðu undir hennar nafni í sumar og hefur síðan verið mjög duglegur að sanka að sér vinum. Svo virðist sem fólk átti sig ekki á að um netþrjót sé að ræða, jafnvel þótt eftirfarandi „status“-uppfærsla hafi birst í byrjun september: „Við munum vera hamingjusamur, ekki misrétti:D“

Unnur hefur reynt að tilkynna þrjótinn til forsvarsmanna Facebook með því að smella á „report“-takkann, en án árangurs. „Enda bjóst ég ekki við viðbrögðum. Maður er hálfvarnarlaus,“ segir hún.

„Ég hef ekki látið þetta hafa áhrif á mig hingað til, en þegar maður heyrir að viðkomandi sé að bæta hálfri þjóðinni við sem vinum, þá er þetta orðið hálfkjánalegt,“ segir Unnur. „Ég verð bara að treysta á það að þeir sem þekkja mig raunverulega séu vinir mínir á réttri síðu.“

Netþrjóturinn virðist ekki gera sér grein fyrir því að sú sem hann þykist vera er í mastersnámi í lögfræði. Heimatökin eru því hæg fyrir Unni vilji hún fara lengra með málið. „Þetta gæti klárlega orðið mál,“ segir hún, en bætir við að það gæti reynst erfitt að bregðast við málum á jafn stóru vefsvæði og Facebook er.

„Mér datt helst í hug að henda nafninu mínu út af Facebook og opna síðu undir dulnefni,“ segir Unnur í léttum dúr. - afb



**UNNUR BIRNA** Hún segir fúlt að einhver noti nafn hennar á Facebook.


sumarferdir.is
Í dag er spáð 28°C hita á Tenerife.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lífið heil

Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla

www.lyfja.is




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Mótmælendur Íslands*

Stjórnmálamenn voru fljótir að stökkva á þá hugmynd að útbúa minnisvarða um Helga Hóseasson. „Þeir eru mjög margir sem hafa áhuga á þessu. Ég finn fyrir því í samfélaginu að þótt fólk sé ekki endilega sammála öllu sem Helgi sagði, þá ber það virðingu fyrir þeirri staðfestu sem hann sýndi í sinni áralöngu baráttu," sagði Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar í borgarstjórn, inni á Vísi. Þá hafði RÚV þegar sagt frá því að margir hefðu skráð sig á síðu inni á Snjáldrinu til að lýsa yfir áhuga sínum á minnisvarða um Helga.

**ORÐALAGIÐ** „endilega sammála öllu" er skemmtilegt hjá Degi en Helgi barðist fyrir því í nær fjörutíu ár að fá skírnarsáttmálann sinn ógildan. Davíð Oddsson, skyrslettur og sýklar blönduðust líka inn í baráttuna. Styttur eru minnisvarðarnir sem íslenskir karlmenn hafa reist hverjir öðrum frá alda öðli. Ingólfur Arnarson fékk styttu en ekki Hallveig, kona hans, og komu þau samt hingað á sama skipinu. Það eru til fleiri leiðir til að muna eftir fólki en að reisa af því styttu.

**Í TILFELLI** Helga mætti til dæmis skreyta leið 14 sem ekur eftir Langholtsveginum með furðulegu slagorðunum sem stóðu á skiltunum hans. Þannig gæti boðskapurinn flust víðar þótt ekki væri nema um nokkurra vikna skeið. Síðan gæti borgin fengið lagahöfund til að semja lag um Helga sem kennt yrði í leikskólum. Dúfur geta ekki kúkað á lög. Margir gengnir borgarbúar eiga skilið að þeirra sé minnst, svo sem Laufey Jakobsdóttir, amman í Grjótaþorpinu. Ekki fékk hún áletraða hellu, lágmynd eða beð sér til heiðurs á heimaslóðum sínum en Megas heldur minningu hennar á lofti með því að syngja um hana í Krókódílamanninum. Þar birtist hún sem sá bjargvættur sem hún var í lifanda lífi.

**EITT** er það sem mér finnst fallegt í umræðunni um minnisvarðann hans Helga en það er sú hugmynd að verðlauna einhvern fyrir staðfestu – jafnvel þótt staðfestan hafi ekki komið neinu sérstöku til leiðar. Fyrir fólkið í landinu yrði minnisvarðinn þó vafalítið annað og meira en aðeins til minningar um þennan eina mann og staðfestuna miklu. Eftir eitt viðburðaríkasta ár í sögu þjóðarinnar þar sem gengið hefur á meiru en nokkurn óraði fyrir grunar mig að fólk vilji fyrst og fremst minnisvarða um þrautseigjuna sem það hefur nú sjálft þegar sýnt og þarf að sýna eilítið lengur.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 14. september 2009, 257. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.48 | 13.23 | 19.57 |
| Akureyri | 6.30 | 13.08 | 19.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


